



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Ársskýrsla fjármála- og efnahagsráðherra

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu – 101 Reykjavík
Sími: 545 9200 | fjr@fjr.is

Júní 2021

Ábyrgðarmaður: Bjarni Benediktsson
Umsjón: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	5
Starfsemi á árinu 2020	6
Áhersluverkefni á árinu 2020	12
Efnahagsúrræði á árinu 2020	13
Tekjuöflun ríkisins	16
Stafrænt Ísland	18
Samræmt skrifstofuumhverfi ríkisins	20
Betri vinnutími	20
Fjárfestingaráttak vegna heimsfaraldurs	21
Áhersla á opinbera nýsköpun	22
Um ráðuneytið	23
Tölfræði um starfsemi 2020	24
Málefnasvið og málaflokkar	25
Stofnanir	28
Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna	35
Staða aðgerða eftir málaflokkum	36
Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka	37

Efnisyfirlit

05.1 Skattar og innheimta	38
05.2 Eignaumsýsla ríkisins	42
05.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins	47
05.4 Stjórnarsýsla ríkisfjármála	52
06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	55
16.1 Markaðseftirlit	58
29.1 Barnabætur	60
31.1 Húsnæðisstuðningur	61
33.1 Fjármagnskostnaður	62
33.2 Ríkisábyrgðir	64
33.3 Lífeyrisskuldbindingar	66
34.0 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna	68
Kynja- og jafnréttismál	69
Ávinningur af styrkjum og framlögum 2020 og yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða	71
Almennur varasjóður	74
Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila	75
Yfirlit yfir útgefið efni árið 2020	79

Ávarp ráðherra

Árið 2020 var um margt sérstakt og markaðist að miklu leyti af þeim aðstæðum sem heimsfaraldur kórónuveiru skapaði. Heimsfaraldurinn hafði umtalsverð áhrif á allt starf ráðuneytisins og einstök áhersluverkefni. Á sama tíma og unnið var að verkefnum sem tengdust faraldrinum voru mörg önnur verkefni undir.

Í byrjun mars hófst faraldur kórónuveiru á Íslandi og bregðast þurfti skjótt við með ýmsum aðgerðum til þess að veita heimilum og fyrirtækjum varnir og vernd gegn faraldrinum. Á sama tíma var hugað að því að grípa til aðgerða sem sköpuðu skilyrði til öflugrar viðspyrnu í kjölfar faraldursins. Í öllu þessu skipti sköpum traust staða ríkissjóðs þegar áfallið reið yfir. Ríkisstjórnin kynnti fjölmörg efnahagsúrræði, en áhrif COVID-19 ráðstafana á ríkissjóð voru nær 100 ma.kr. á árinu 2020. Fjármála- og efnahagsráðuneytið leiddi vinnu við mótun sértækra efnahagsúrræða sem ætlað var að vinna gegn áhrifum faraldursins, þ.m.t. lokunarstyrkja, viðspyrnustyrkja og tekjufallsstyrkja, en efnahagsaðgerðirnar hafa allt frá upphafi mælst vel fyrir hjá heimilum og fyrirtækjum og skilað marktækum árangri. Endurspeglast hann m.a. í því að kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst árið 2020, þrátt fyrir heimsfaraldurinn, og innlend eftirspurn dróst aðeins lítillega saman. Þá mælist bjartsýni og viðnámsþróttur hjá meirihluta fyrirtækja, þrátt fyrir að faraldurinn hafi dregist verulega á langinn.

Í ávarpi mínu í síðustu ársskýrslu ræddi ég sérstaklega um áherslu á stóraukin stafræn samskipti, þar sem fjármála- og efnahags-

ráðuneytið gegnir leiðandi hlutverki. Unnið var að því markmiði að slík samskipti yrðu meginsamskiptaleið ríkisins fyrir lok ársins 2020. Mikið ávannst á árinu í þessum efnunum. Sem dæmi var í lok árs 2020 búið að gefa út rúmlega 92 þúsund stafræn ökuskrirteini, rafræn sakavottorð spöruðu 500–800 heimsóknir einstaklinga til sýslumanna og um 12 þúsund einstaklingar nýttu sér afsláttarkjör Loftbrúar í gegnum Ísland.is. Í upphafi ársins 2020 voru gerðir ramma-samningar við þverfagleg teymi, sem skipti miklu við að auka skilvirkni og hraða stafrænnar þróunar. Þá má nefna hversu vel sú aukna samræming sem orðið hefur á skrifstofuhugbúnaði ríkisins síðustu ár, með samningum frá árinu 2018 við Microsoft um hugbúnaðarlausnir fyrir skrifstofuumhverfi alls starfsfólks, skilaði sér. Í lok árs 2020 var búið að innleiða slíkt kerfi fyrir 88% starfsfólks ríkisins og nemendur. Árið 2020 einkenndist af fjarvinnu starfsfólks og óhætt að segja að aðgangur að Microsoft Teams hafi gert starfsfólki kleift að sinna störfum sínum fjarri hefðbundnum starfsstöðvum á öruggan hátt.

Nefna má fleiri stór mál sem voru áberandi á árinu, s.s. Betri vinnutíma, sem fól í sér eina stærstu kerfisbreytingu á vinnutíma í 50 ár, og fjárfestingaráttak til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, sem alls mun nema 119 ma.kr. Undir lok ársins var ákveðið að stefna að sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka og um áramótin tóku gildi ýmsar skattalækkningar og aðrar breytingar.



Starfsemi á árinu 2020

Fréttannaáll 2020 (janúar–mars)

14. janúar

Ákvæði um keðjuábyrgð var leitt í lög um opinber innkaup 1. janúar 2020. [Nánar >](#)

18. janúar

200 milljónir í aukin verkefni stofnana á sviði peningþvættis, skattrannsóknna og skatteftirlits. [Nánar >](#)

29. janúar

Fjöldi fyrirtækja og stofnana nýtti sér árið 2019 heimild til þess að sækja um frádrátt frá tekjuskatti til að ráða erlenda sérfræðinga til starfa hér á landi. [Nánar >](#)



31. janúar

Andri Heiðar Kristinsson ráðinn framkvæmdastjóri Stafræns Íslands sem vinnur að eflingu stafrænnar þjónustu. [Nánar >](#)

26. febrúar

Drög að frumvarpi um varnarlínu milli viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi í samráðsgátt stjórnvalda. [Nánar >](#)

14. febrúar

Ársreikningar ríkisstofnana aðgengilegir á vefnum. [Nánar >](#)



3. febrúar

Starfshópur um starfsemi þriðja geirans skilar skýrslu. Meginniðurstaðan er sú að útvíkka eigi skattalega hvata og lögfesta nýja. [Nánar >](#)



28. febrúar

Endurskoðuð eigandastefna fyrir fjármálaframtækni tekur gildi. [Nánar >](#)

7. mars

Áframhaldandi samstarf Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja um stafræna þróun. [Nánar >](#)



10. mars

Ísland.is fær nýja ásýnd og þjónusta efl. [Nánar >](#)



13. mars

Nýtt skrifstofuumhverfi ríkisins, Microsoft 365, reynist vel við að tryggja að starfsfólk ríkisins geti á næstunni sinnt störfum sínum að heiman í ljósi Covid-19 faraldursins. [Nánar >](#)



12. mars

Frumvarp um frestun gjalda afgreitt úr ríkisstjórn. [Nánar >](#)

11. mars

Aðgerðaáætlun um opinbera nýsköpun kynnt í ríkisstjórn. [Nánar >](#)

10. mars


Viðspyrna fyrir íslenskt efnahagslíf – ríkisstjórnin kynnr aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum Covid-19. [Nánar >](#)

16. mars

Frumvarp um tvískiptingu á gjalddaga staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds samþykkt í ríkisstjórn. [Nánar >](#)

21. mars

Fyrsti áfangi viðspyrnuaðgerða stjórnvalda vegna Covid-19 kynntur. [Nánar >](#)



25. mars

Umfangsmikil fjárfesting í stafrænum innviðum. [Nánar >](#)

27. mars

Laun þjóðkjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna fryst til áramóta. [Nánar >](#)

Fréttaannáll 2020 (apríl–júlí)

1. apríl

Skatturinn með framkvæmd ýmissa úrræða sem tengjast heimsfaraldri kórónuveiru.

[Nánar >](#)**7. apríl**

Fjárfesting á Suðurnesjum með aukningu á hlutfé Isavia ohf. um 4 milljarða króna.

[Nánar >](#)**15. apríl**

Fyrsta samræmda könnunin á þjónustu ríkisstofnana leiðir í ljós að almennt er mikil ánægja með opinbera þjónustu. [Nánar >](#)

21. apríl

Annar áfangi viðspyrnuaðgerða stjórnvalda kynntur: Varnir, vernd og viðspyrna gegn efnahagslegum og félagslegum áföllum. [Nánar >](#)

**5. maí**

Stofnanir hvattar til þess að senda inn lýsingar á verkefnum sem þær hafa farið í til þess að bregðast við ástandi af völdum heimsfaraldurs. [Nánar >](#)

4. maí

Allir reikningar ríkisstofnana og ríkissjóðs orðnir rafrænir.

[Nánar >](#)**29. apríl**

Ákveðið að hefja árið 2020 fyrsta áfanga við endurgerð á Hegningarhúsinu Skólavörðustíg.

[Nánar >](#)**28. apríl**

Stuðningur til fyrirtækja sem glíma við tekjutap vegna Covid-19 til greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. [Nánar >](#)

7. maí

Greiningar unnar á mögulegri stærðargráðu áfalls vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

[Nánar >](#)**12. maí**

Samningum lokið við alla viðskiptabanka um veitingu viðbótarlána.

[Nánar >](#)**15. maí**

Ríkisstjórnin samþykkir frumvörp um framhald hlutastarfaleiðar og aukinn stuðning við fyrirtæki.

[Nánar >](#)**20. maí**

Mótvægisráðstafanir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru kynntar í ríkisstjórn.

[Nánar >](#)**29. maí**

Álagning opinberra gjalda á einstaklinga fyrir 2019 birt.

[Nánar >](#)**27. maí**

Stafrænt heilbrigðismót hefst.

[Nánar >](#)**26. maí**

Þriðja frumvarpið til fjárukalaga lagt fram.

[Nánar >](#)**26. maí**

Ákveðið að leggja fram fjármálastefnu, -áætlun og -frumvarp samhliða haustið 2020. [Nánar >](#)

29. maí

Starfshópur stofnaður til að tryggja eftirfylgni efnahagsaðgerða vegna Covid-19. [Nánar >](#)

10. júní

Bjarni Benediktsson situr fjarfund ráðherra OECD um áhrif Covid-19 á efnahagsmál. [Nánar >](#)

12. júní

Opnað fyrir umsóknir um lokunarstyrki.

[Nánar >](#)**1 júlí**

Hægt að sækja um stafræn ökuskirteini á Ísland.is [Nánar >](#)



Fréttannaáall 2020 (júlí–október)

7. júlí

Björgvin Víkingsson skipaður forstjóri Ríkiskaupa.
[Nánar >](#)

9. júlí

Stuðningslán virkjuð á Ísland.is
[Nánar >](#)



9. júlí

Ríkisreikningur fyrir árið 2019 birtur. [Nánar >](#)

28. júlí

Fjármálaráðherra ávarpar ársfund asíska fjárfestingabankans, AII.B.
[Nánar >](#)

26. ágúst

Úrslit kynnt í nýsköpunarkeppninni Gagnapön fyrir umhverfið. [Nánar >](#)



25. ágúst

Endurskoðuð fjármálastefna lögð fram á Alþingi. [Nánar >](#)

18. ágúst

Upplýsingar um stöðu efnahagsaðgerða vegna Covid-19 settar upp myndrænt á vefnum. Upplýsingarnar eru uppfærðar vikulega. [Nánar >](#)

18. ágúst

Íslensk stjórnvöld ákveða að veita Icelandair Group ríkisábyrgð á lánalínu.
[Nánar >](#)

28. ágúst

Ráðherra skipar starfshóp til að vinna greiningar á efnahagslegum áhrifum valkosta í sóttvarnarmálum. [Nánar >](#)

2. september

12 verkefni fjármögnuð í fjárfestingaráttaki um nýsköpun í heilbrigðisþjónustu. [Nánar >](#)

11. september

Milljarður króna greiddur út í lokunarstyrki vegna Covid-19. [Nánar >](#)

15. september

Skýrsla gefin út um efnahagsleg áhrif valkosta í sóttvarnamálum. [Nánar >](#)

15. september

Endurbætur og viðhald fasteigna ríkisins eykst um 40% frá fyrri áætlun í samræmi við sérstakt fjárfestingaráttak vegna Covid-19. [Nánar >](#)

25. september

Könnun ráðuneytisins sýnir að stjórnendur stofnana telja mikilvægt að vinna að stafrænum umskiptum svo hægt verði að nýta tækni framtíðarinnar. [Nánar >](#)



24. september

Ráðstefnan Tengjum ríkið, um stafræna framtíð hins opinbera. [Nánar >](#)



22. september

Aukið gagnsæi um félög í ríkiseigu með myndrænni birtingu upplýsinga á vef Stjórnarráðsins. [Nánar >](#)

1. október

Kynning fjárlagafrumvarps fyrir 2021 og fjármálaáætlunar 2021-2025: Mótvægisáðgerðir verja lífskjör og veita viðspyrnu. [Nánar >](#)



1. október

Samkomulag um afkomumarkmið og efnahag sveitarfélaga fyrir 2021-2025. [Nánar >](#)



5. október

Nýjar leiðbeiningar um opinber innkaup birtar. [Nánar >](#)

Fréttannaáall 2020 (október–nóvember)

9. október

Framhald á lokunarstyrkjum vegna Covid-19 kynnt.

[Nánar >](#)

12. október

Bjarni Benediktsson fundar með alþjóðlegum vettvangi fjármálaráðherra um loftslagsmál. [Nánar >](#)

25. ágúst

Ríkisstjórnin samþykkir frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um tekjufallsstyrki vegna Covid-19. [Nánar >](#)

16. október

Ríkisreikningur fyrir árið 2019 birtur. [Nánar >](#)

20. október

Ferli við birtingu auglýsinga á Starfatorg.is stafvætt. [Nánar >](#)

29. október

Bjarni Benediktsson tók þátt í ráðherrafundi OECD um leiðir að efnahagsbata í kjölfar Covid-19. [Nánar >](#)

27. október

Erlendum ríkisborgurum utan EES gert kleift að vinna frá Íslandi í fjarvinnu í allt að sex mánuði. [Nánar >](#)

23. október

Yfirlit birt yfir stöðu úrræða sem ætlað er að styðja við efnahagslega vörn, vernd og viðspyrnu heimila og fyrirtækja. [Nánar >](#)

20. október

Bjarni Benediktsson tók þátt í fundi OECD um sjálfbæra þróun. [Nánar >](#)



29. október

Norrænir fjármálaráðherrar ræddu leið Norðurlanda út úr vanda vegna Covid-19.

[Nánar >](#)



30. október

Ríkisstjórnin samþykkir enn frekari efnahagsaðgerðir vegna Covid-19. [Nánar >](#)

2. nóvember

Álagning opinberra gjalda á lögaðila vegna rekstrarársins 2019 birt. [Nánar >](#)



10. nóvember

Ríkisstjórnin samþykkir að hefja viðræður við Reykjavíkurborg um næstu skref vegna byggingar nýs þjóðarleikvangs í knattspyrnu.

[Nánar >](#)

6. nóvember

Skýrsla birt um nýtingu úrræða í heimsfaraldri. Hátt í 40 milljarðar í beinan stuðning til heimila og fyrirtækja. [Nánar >](#)



4. nóvember

Frumvarp kynnt í samráðsgátt um sameiningu embættis skatt-rannsóknarstjóra við Skattinn. [Nánar >](#)

4. nóvember

Fundur fjármálaráðherra í ríkjum ESB, Ecofin og EFTA: Samhæfðar aðgerðir forsenda árangurs gegn kórónuveiru. [Nánar >](#)

20. nóvember

Kynning viðspyrnuaðgerða vegna Covid-19.

[Nánar >](#)

25. nóvember

Frumvarp um breytingar á fjármagnstekjuskatti samþykkt í ríkisstjórn. [Nánar >](#)

26. nóvember

Sókn í nýsköpun með því að nýta slagkraft opinberra innkaupa.

[Nánar >](#)

27. nóvember

Samið við Seltjarnarnesbæ um yfirtöku á húsnæði við Safnatröð sem hluta af fjárfestingarátaki til að vinna gegn samdrætti vegna Covid-19. [Nánar >](#)



Fréttannaáall 2020 (nóvember–desember)

30. nóvember

Hersir Aron Ólafsson ráðinn aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra.

[Nánar >](#)



3. desember

Auknir möguleikar almennings til þátttöku á hlutabréfamarkaði eru eitt af meginmarkmiðum nýs frumvarps fjármála- og efnahagsráðherra. [Nánar >](#)

7. desember

Frumvarp kynnt sem snýst um að aukna hvata til að styðja við aðila í almannaheillastarfsemi og léttari skattbyrði aðilanna sjálfra. [Nánar >](#)

8. desember

Frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt, í því skyni að hvetja einkaaðila til fjárfestinga. [Nánar >](#)

18. desember

Fjárlög samþykkt fyrir árið 2021.

18. desember

Stefnt að sölu eignarhluta í Íslandsbanka á vormánuðum.

[Nánar >](#)

18. desember

Viðspyrnustyrkir lögfestir og stuðningslán framlengd. Aðgerðirnar veita stuðning vegna efnahagslegra áhrifa Covid-19.

[Nánar >](#)

11. desember

Ísland er í hópi fremstu ríkja heims þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna. [Nánar >](#)

9. desember

Skilvirkari og betri opinber þjónusta og aukið gagnsæi við meðferð mála í nýju frumvarpi um stafrænt pósthólf. [Nánar >](#)

18. desember

Alþingi samþykkir fimmtu fjárukalög ársins fyrir 2020. Alla jafna eru ein fjárukalög samþykkt ár hvert en fleiri á þessu ári vegna Covid-19.



Áhersluverkefni á árinu 2020

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að fara með yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer að auki með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Verkefni ráðuneytisins á árinu 2020 mörkuðust sem fyrr af meginhlutverki þess, hvort sem horft er til reglubundinna verkefna á borð við fjármálastefnu, fjármálaáætlun, fjárlög og fjárukalög eða aðstæðubundinna verkefna. Markaðist árið 2020 mjög af slíkum verkefnum en ráðuneytið átti ríkan þátt í mótun aðgerða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og útfærslu þeirra, í samstarfi við stofnanir ráðuneytisins, sem nánar er vikið að í ársskýrslunni. Í þessu sambandi má nefna að fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram á Alþingi um 40 lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og um helmingur þeirra tengdist beint eða óbeint heimsfaraldrinum. Þar á meðal var fimm sinnum lagt fram frumvarp til fjárukalaga í tengslum við faraldurinn á tímabilinu mars til nóvember.

Af öðrum áhersluverkefnum árið 2020 má nefna stafræna þjónustu. Mikil þróun varð í þeim verkefnum með eflingu Stafræns Íslands, einingar innan ráðuneytisins sem vinnur að því markmiði stjórnvalda að stafræn samskipti verði meginsamskiptaleið fólks og fyrirtækja við hið opinbera.


Annað umfangsmikið verkefni sem Kjara- og mannauðssýsla leiddi, í samstarfi við aðra, sneri að Betri vinnutíma. Það verkefni miðar að breyttri tilhöggun á vinnutíma sem samið var um í kjarasamningum 2020 og er ein stærsta kerfisbreyting á vinnutíma í 50 ár.

Efnahagsúrræði á árinu 2020

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur valdið margþættum efnahagslegum skaða hér á landi. Áfallið var ófyrirséð og hefur kostnaður vegna þess dreifst með ójöfnum hætti á heimili og fyrirtæki í landinu. Góðri stöðu ríkissjóðs fyrir faraldurinn hefur verið beitt af krafti til þess að draga úr efnahags- og samfélagslegu tjóni og leggja grunn að viðspyrnu efnahagslífsins.

Ríkisstjórnin kynnti á árinu 2020 úrræði sem ætlað var að styðja beint við efnahagslega vörn, vernd og viðspyrnu heimila og fyrirtækja. Þessi úrræði fólu í sér bein útgjöld fyrir ríkissjóð (tilfærslur), minni skattheimtu, heimildir til frestunar skattgreiðslna milli ára og ábyrgðir sem geta raungerst síðar sem kostnaður fyrir ríkissjóð. Þessu til viðbótar var heimilum gert kleift að taka út séreignarsparnað til frjálsra nota.

Aðgerðarpakkar ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 voru þrjú á árinu 2020





Áhrif COVID-19 ráðstafana á ríkissjóð voru nær 100 ma.kr. á árinu 2020 sem er 3,3% af landsframleiðslu ársins. Auk þessa nam frestun skattgreiðslna 20,5 ma.kr. og ábyrgðir ríkissjóðs 31 ma.kr.

Í lok árs 2020 höfðu heimilin síðan tekið út 23 ma.kr. úr séreignarsjóðum. Við þetta bætist sjálfvirkt viðbragð skatt- og atvinnuleysisbótakerfis upp á ríflega 92 ma.kr.

Ríkistryggðum lánunum til fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum var ætlað að vinna gegn lausafjávanda fyrirtækja sem leitt gæti til uppsagna og enn frekari efnahagssamdráttar. Í fyrstu voru brúarlán veitt með 70% ríkisábyrgð og nam umfang þeirra 2,5 ma.kr. á árinu 2020. Stuðningslán voru síðan kynnt í apríl 2020 og höfðu 926 aðilar fengið stuðningslán að fjárhæð 9 ma.kr. í lok árs 2020. Auk þessa hefur ríkissjóður ábyrgst lán til Ícelandair fyrir hámark 15 ma.kr. og 4,5 ma.kr. vegna Ferðaábyrgðasjóðs.

Auk lána buðu viðskiptabankar einstaklingum og fyrirtækjum greiðsluhlé á afborgunum lána. Fyrirtæki í sérstakri neyð gátu sótt um greiðsluskjól hjá héraðsdómstólum og fengu þannig tímabundna heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar en reynslan sýndi að ekki var þörf fyrir það úrræði í miklum mæli.

Kostnaðarsamasta úrræði stjórnvalda á árinu 2020 var hlutastarfa-leiðin þar sem fyrirtækjum í rekstrarvanda var gert kleift að lækka starfshlutfall launafólks tímabundið og viðhalda þar með ráðningarsambandi yfir erfiða mánuði. Alls voru greiddir ríflega 23 ma.kr. til 36 þúsund einstaklinga í skertu starfshlutfalli á árinu 2020. Átak í fjárfestingu nam 15 ma.kr. á árinu en með því að hefja nýjar fjárfestingar eða flýta áður fyrirhuguðum fjárfestingum var ætlunin

að auka umsvif í hagkerfinu og skapa störf. Greiðsla hluta launa-kostnaðar á uppsagnarfresti nam 12 ma.kr. en úræðið átti að draga úr líkum á fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og styrkja réttindi launafólks sem sagt var upp störfum vegna verulegrar fjárhagslegrar röskunar á atvinnurekstri.

Útgjöld á sviði heilbrigðis-, félags- og menntamála voru einnig umfangsmikil og áttu að vernda viðkvæma hópa og mannauðinn í landinu. Í dæmaskyni má nefna barnabótaauka, auknar fjárhæðir í náms- og starfsúrræði og framlengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex mánuði. Ríkisstjórnin jók stuðning við kvikmyndagerð, nýsköpun og þróun ásamt því sem greiddir voru út lokunarstyrkir til þeirra sem gert var að stöðva starfsemi og óheimilt að veita þjónustu í sóttvarnaskyni.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leiddi vinnu við mótun sértækra efnahagsúrræða sem ætlað var að vinna gegn áhrifum faraldursins, þ.m.t. lokunarstyrki, viðspyrnustyrki, tekjufallsstyrki, greiðslu launa á uppsagnarfresti, stuðnings- og viðbótarlán auk sérstaks barnabótaauka, fjölbreyttra skattalækkanna og -frestana, ábyrgða fyrir Ícelandair, og útgreiðslu séreignarsparnaðar. Skattalækkarnir námu 6,2 ma.kr. á árinu en þar vó þyngst breytingar á endurgreiðslu VSK af vinnu. Endurgreiðsluhlutfall VSK af vinnu vegna framkvæmda á íbúðarhúsnæði var hækkað úr 60% í 100% og endurgreiðsluheimildir voru útvíkkaðar.

Heildarumfang 2020 (ma.kr.)

Útgjöld		Fjárfestingar	
Hlutabætur	23,4	Fjárfestingaráttak	15,1
Greiðsla hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti	11,9		
Tekjufalls- og viðspyrnustyrkir	9,5	Skattalækkningar	
Ýmis heilbrigðismál - aukinn kostnaður v. COVID	8,3	Aukin endurgreiðsla VSK v/ framkvæmda	4,7
Ráðgjöf og Náms- og starfsúrræði	3,3	Afturfæranlegt tap tekjuskatts lögaðila	1,0
Barnabótaauki	3,1	Niðurfelling gistináttaskatts	0,3
Markaðsátak innanlands og erlendis	3,0	Niðurfelling tollaafgreiðslugjalds	0,2
Ýmis félagsmál	2,6		
Mótvægisáðgerðir til sveitarfélaga	2,8	Frestun skattgreiðslna	
Annar kostnaður vegna COVID-19	2,4	Staðgreiðsla launa (heildarfrestun)	20,5
Lokunarstyrkir	2,4	VSK af innflutningi (um 20 ma.kr. frestað um 20 daga í fimm skipti)	
Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar	2,1	VSK, niðurfelling álags (um 3 ma.kr. frestað um 1 mánuð í fimm skipti)	
Framlenging á tekjutengdum atvinnuleysisbótarétti	2,1	Ábyrgðir	
Stuðningur við nýsköpun og þróun	1,4	Brúarlán/viðbótarlán	2,5
Framlag vegna bóluafnis gegn COVID-19	0,5	Stuðningslán	9,0
Greiðslur launa í sóttkví	0,5	Ábyrgð á láni Ícelandair	15,0
Stuðningur v. tekjufalls íþrótta- og æskulýðsfélaga	0,4	Ábyrgð á láni Ferðaábyrgðarsjóðs	4,5
Fjölgun listamannalauna	0,3		
Greiðslur vegna framfærsluskyldu barna	0,2	Útgreiðsla séreignarsparnaðar	
		Útgreiðsla séreignar	23,0



Tekjuöflun ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðherra fer með tekjuöflun ríkisins þar sem undir heyrir m.a. stefnumótun og áætlanagerð um skatttekjur, tekjur af eignum og aðra tekjustofna. Heildartekjur voru áætlaðar 909 ma. kr. í fjárlögum ársins 2020. Við upphaf heimsfaraldurs kórónuveiru varð fljótlega ljóst að endurmeta þyrfti tekjur ársins til lækkunar. Skatttekjur fylgja efnahagsþróuninni og merki þess sáust fljótt á tekjuhlíðinni þegar óvissa jókst, atvinna minnkaði, velta í ferðaþjónustu og fleiri greinum dróst saman.

Í ráðuneytinu var fylgst grannt með tekjuþróuninni eftir því sem faraldri, sóttvarnaraðgerðum og efnahagslegum afleiðingum vatt fram. Tekjuáætlunin var í byrjun endurmetin ört á grundvelli sviðsmyndna sem bentu til að högggið gæti orðið mikið. Sjálfvirk viðbrögð í skattkerfinu vegna þróunar efnahagsmála í faraldrinum höfðu mest áhrif til lækkunar tekna og til viðbótar kom tekjulækkun vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda. Sem dæmi má taka gistináttaskatt, sem skilaði að lokum um 1 ma.kr. minni tekjum en áætlað hafði verið í fjárlögum. Með lagabreytingu í mars var gistináttaskattur felldur niður tímabundið til ársloka 2021. Tekjulækkunina má að þriðjungí rekja til eftirgjafar ríkisins en að öðru leyti til samdráttar skattstofnsins sjálfs. Aðrar tímabundnar mótvægisáðgerðir á skatta-sviðinu voru m.a. aukin og útvíkkuð endurgreiðsla virðisaukaskatts, ný heimild til að afturfæra tap á móti hagnaði lögaðila og flýting lækkunar bankaskatts. Einnig nýttu margir rekstraraðilar sér heimildir til að fresta greiðslum staðgreiðslu og virðisaukaskatts.


Undir lok máí var birt sviðsmynd ríkisfjármála sem dró fram hin sterku tengsl efnahagsmála og afkomu ríkisins. Sýndi hún að tekjur ársins gætu orðið 147 ma.kr. minni en áætlað var í fjárlögum, þar af um 91 ma.kr. vegna efnahagslegra afleiðinga faraldursins í gegnum

sjálfvirka sveiflujöfnun og 19 ma.kr. vegna ýmissa tímabundinna ívilnandi skattalegra ráðstafana. Auk þess hafði verið hætt við arðgreiðslur frá viðskiptabönkum og fleiri félögum í eigu ríkisins. Óvissa um þróunina á síðari hluta ársins var þó mikil og gaf greining sviðsmynda gagnlegar vísbendingar og viðmið fyrir viðbúnað ráðuneytisins.

Við endurmat að hausti voru tekjuhorfur ársins orðnar betri og þróuðust síðan áfram til hagstæðari vegar í takt við jákvæðari efnahagsþróun og minni þörf fyrir úrræði en óttast hafði verið. Álagning á lögadila vegna rekstrar 2019 var til dæmis umfram áætlun og skil hennar góð. Tekjuuppgjör ársins samkvæmt ríkisreikningi er nokkru hagstæðara en lokastaða áætlunar. Sé litið til tekna af sköttum og tryggingagjöldum, sem saman mynda 98% ríkistekna (án tekna stofnana og fjármunatekna) skv. uppgjörssstaðli Fjársýslu urðu þær 1,5% umfram endurmetna tekjuáætlun í desember 2020. Uppgjörið sýnir þannig 726 ma.kr. tekjur af sköttum og tryggingagjöldum, miðað við 802 ma.kr. í fjárlögum ársins og 715 í desember sl., og hefur uppgjörið þá verið aðlagð GFS-staðli. Tekjur af arðgreiðslum urðu 29 ma.kr. minni en í fjárlögum. Tekjur af starfsemi stofnana í A-hluta eru ekki fyllilega samanburðarhæfar í áætlun og uppgjóri en unnið er að því að svo verði.

Breyting á skatttekjum milli fjárlaga og ríkisreiknings 2020

m.v. GFS-staðal (ma.kr.)






92 þúsund stafræn
ökuskírteini gefn út

Stafrænt Ísland



Fjöldi sendra skjala í stafrænu pósthólfi á Island.is



Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með stefnumótun stjórnvalda í upplýsingatækni undir formerkjum Stafræns Íslands. Eru þau verkefni sem þar falla undir unnin af hálfu ráðuneytisins og verkefnastofu um stafrænt Ísland í samvinnu við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra hagaðila. Á árinu 2020 var efnt til fjárfestingaráttaks og var hluti þess fólgin í eflingu stafrænnar þjónustu og upplýsingatækniinnviða.

Haustið 2020 var vefurinn Island.is, sem er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi, opnaður í nýrri og endurbættri útgáfu með það að markmiði að gera viðmót gagnvart notendum skýrara og betra. Hátt í 800 stafræn ferli bættust við vefinn á árinu. Verkefnastofa um Stafrænt Ísland vinnur að framgangi verkefna

þvert á stofnanir ríkisins og sveitarfélög með það að markmiði að stórefla stafræna opinbera þjónustu. Markmið ársins var að auka sýnileika stafrænnar þjónustu en auk þess voru skilgreindir þrír meginmælikvarðar sem eru hafðir að leiðarljósi:

- **Tímasparnaður hjá almenningi, fyrirtækjum og hinu opinbera.**
- **Aukið hagræði.**
- **Jákvæð umhverfisáhrif.**

Unnið hefur verið að því að leggja grunn að verklagi sem ætlað er að ná fram miklum árangri á hagkvæman hátt á eins stuttum tíma og skynsamlegt þykir. Á árinu 2020 var undirritaður rammasamningur við 18 þverfagleg teymi frá 12 fyrirtækjum í upplýsingatækni til að koma að uppbyggingu stafrænna innviða hins opinbera samkvæmt svokallaðri kvikri aðferðafræði (e. Agile). Þetta fyrirkomulag hafði í för með sér aukna möguleika á skilvirku vinnuferli og gerði Stafrænu Íslandi kleift að fjölga verkefnum hratt þegar heimsfaraldurinn skall á. Þrátt fyrir óhefðbundið árferði stóðust bæði markmið ársins 2020 um aukinn sýnileika og góður árangur náðist þegar kemur að meginmælikvörðunum þremur.

Eftirfarandi eru dæmi um verkefni sem lokið var við á árinu 2020:

- Í árslok 2020 var búið að gefa út rúmlega 92 þúsund stafræn ökuskírteini.

- Rafræn sakavottorð hafa nú þegar sparað 500–800 heimsóknir einstaklinga til sýslumanna en á örskömmum tíma hefur hlutfall rafrænna sakavottorða orðið um 70% af heildarfjölda útgefinna vottorða.
- Stafræn búsforræðisvottorð spöruðu um 250 ferðir til sýslumanna í hverjum mánuði og urðu strax nánast alfarið stafræn.
- Um 12 þúsund einstaklingar nýttu sér afsláttakjör Loftbrúar í gegnum þjónustugátt á Ísland.is á árinu 2020.
- Frá og með maímánuði 2020 tekur ríkið aðeins á mótí rafrænum reikningum.

Þessu til viðbótar voru eftirfarandi verkefni unnin sem tengdust heimsfaraldri kórónuveiru og fólu m.a. í sér vinnslu umsókna um stuðningslán og ferðagjöf sem gerð var aðgengileg á Ísland.is.

Stafrænt Ísland gegnir ráðgjafarhlutverki þegar kemur að gagnamálum, innkaupum á upplýsingatækni og eflingu tækniinnviða hjá hinu opinbera. Verkefnastjórn stærri verkefna sem hafa þýðingu þvert á stofnanir ríkisins koma inn á borð verkefnastofunnar. Verkefni sem unnið var að á árinu 2020 og falla í þennan flokk eru til dæmis:

- Stafræn réttarvörslugátt þar sem búið er að virkja gæsluvarðhaldshluta.
- Opnað var fyrir tilkynningar til Þjóðskjalasafns um rafræn gagnasöfn.

- Umsóknir um kynningar- og fræðslustyrki til utanríkisráðuneytisins.
- Umsóknir um starfsnám hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar.
- Rafrænar þinglýsingar.

Stafræn innviðaverkefni fjármögnuð með fjárfestingarátaki voru m.a. endurnýjun upplýsingakerfa Sjúkratrygginga, samræmt skrifstofuumhverfi ríkisins, undirbúningur að gagnahýsingastefnu og útboði, nýtt málaskrákerfi Stjórnarráðsins, stöðumat á kerfum Þjóðskjalasafns, búnaður fyrir netöryggissveit, birting leyfisbréfa kennara í gegnum Ísland.is, vöruhús gagna úr fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins og birting fjárhagsupplýsinga ríkisins á nýjum vef.

Einnig voru fjármögnuð þróunarverkefni gagnagrunna á vegum hins opinbera, s.s. áframhaldandi þróun sjúkraskrákerfis, gerð gagnagrunna í barnavernd og þróun gagnagrunna á vegum menntamála.

Alþjóðlegir mælikvarðar

Framtíðarsýn Stafræns Íslands er að Ísland verði fyrirmynd annarra þjóða og skipi sér í fremstu röð í heiminum þegar kemur að stafrænni þjónustu. Þessari sýn fylgdi markmiðið að vera komin í hóp fimm efstu þjóða í stafrænni þjónustu samkvæmt alþjóðlegum mælikvörðum innan fimm ára. Ísland stókk upp um sjö sæti árið 2020 samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna og situr nú í 12. sæti.



88%

starfsfólks og nemenda voru komin með aðgang að samræmdu náms- og skrifstofuumhverfi ríkisins.

Samræmt skrifstofuumhverfi ríkisins

Frá árinu 2018 hefur verið unnið að aukinni samræmingu á skrifstofu- hugbúnaði ríkisins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið, fyrir hönd A-hluta stofnana ríkisins, keypti hugbúnaðarleyfi fyrir Microsoft hugbúnaðarlausnir fyrir skrifstofuumhverfi alls starfsfólks. Þar voru mörkuð stór skref í stafrænni umbyltingu á vinnuumhverfi starfsfólks hins opinbera sem sameinaði stóraukið aðgengi að upp- lýsingum og samvinnu milli fólks og stofnana.

Fjarvinna einkenndi störf starfsfólks á árinu 2020 líkt og víðast hvar í samfélaginu. Óhætt er að segja að aðgangur starfsfólks að Microsoft Teams hafi gert því kleift að sinna sínum störfum fjarri hefðbundnum starfsstöðvum án þess að öryggi hafi verið fórnað.

Innleiðingarverkefnið er eitt hið stærsta sinnar tegundar sem ráðist hefur verið í á Íslandi og snertir nær allt starfsfólk í stjórnsýslunni

og A-hluta stofnunum, eða um 18 þúsund starfsmenn ráðuneyta og stofnana og um 8 þúsund starfsmenn framhaldsskóla og háskóla. Að auki snertir innleiðingin marga nemendur, núverandi og fyrrverandi, í ríkisreknum framhaldsskólum og háskólum, eða um 80 þúsund talsins.

Hagræði ríkisins í verkefninu snýst ekki einvörðungu um betri sam- eiginleg innkaup hugbúnaðarlausna, heldur um betri samræmingu, samnýtingu þekkingar, rétta innleiðingu og nýtingu lausnanna hjá stofnunum ríkisins. Með því að koma öllum stofnunum á nýjan tæknigrunn opnast tækifæri á auknum og sveigjanlegum samskipta- máta með öruggum hætti milli og innan stofnana og styður einnig aukið gagnaöryggi og bætta rekstur, t.a.m. með aukinni notkun skýjalausna og innleiðingu stofnana í skýjageira.

Í lok árs 2020 var búið að innleiða Microsoft-hugbúnaðarleyfi fyrir 88% starfsfólks og nemenda.

Betri vinnutími

Umfangsmikil í starfsemi ráðuneytisins árið 2020 var vinna við Betri vinnutíma, sem leidd var af Kjara- og mannauðssýslu og er ein stærsta kerfisbreyting á vinnutíma í 50 ár. Undirritaði samninga- nefnd ríkisins, fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, 55 kjara- samninga við um 90 stéttarfélög og var samið um Betri vinnutíma.

Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana, bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma

án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu, tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla þannig að bættum lífsgörum og um leið jafnvægis millivinnu og einkalífs.

Verkefnið hefur áhrif á um 80% ríkisstarfsmanna. Það byggir á sam- vinnu og gagnkvæmu trausti margra aðila: opinberra launagreiðenda, bandalaga og stéttarféлага opinberra starfsmanna, stjórnenda og starfsfólks stofnana.




Fjárfestingaráttak vegna heimsfaraldurs

Í apríl fól Alþingi fjármála- og efnahagsráðherra framkvæmd á sérstöku tímabundnu fjárfestingaráttaki til að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Ákveðið var að verja tæpum 18 ma.kr. í fjárfestingar- og uppbyggingaráttak á árunum 2020–2021 og var áttakið svo stækkað og framlengt þannig að nemi alls 119 ma.kr. á árunum 2020–2025. Leitast var við að skapa störf fljótt til að sporna gegn auknu atvinnuleysi og jafnframt stuðla að hagvexti til lengri tíma. Einnig var horft til þess að ráðast í fjölbreytt verkefni sem geti talist græn, nýsköpun eða stuðla að stafvæðingu Íslands.

Almennt ganga verkefni vel og er mörgum lokið en þó hafa einhver verkefnanna tafist vegna heimsfaraldurs eða útboðsmála. Áætlað hefur verið að yfir 1500 bein störf hafi skapast vegna áttaksins sem eru tæplega 1% af fjölda starfandi á Íslandi.

Fjárfestingar- og uppbyggingaráttak





Áhersla á opinbera nýsköpun

Stærsta umbótaverkefni stjórnvalda þessi misserin er stafræn væðing en með henni er ekki einungis verið að auka samkeppnishæfni og þjónustu heldur er þetta undirstaða fyrir jöfnun búsetuskilyrða í landinu. Með aukinni stafrænni opinberri þjónustu lækkar kostnaður við þjónustuna og umhverfisáhrif minnka.

Mikil áhersla hefur verið lögð á opinbera nýsköpun til að takast á við krefjandi áskoranir og stofnanir hvattar til nýsköpunar á margvíslegu vegu. Gagnaþon fyrir umhverfið, heilbrigðisnýsköpunarmót, fjarvinna og samræmt skrifstofuumhverfi eru nokkur dæmi.

Lærdómur COVID hefur sýnt okkur getu kerfisins til stórra breytinga á stuttum tíma og eru lagðar miklar áherslur á sveigjanlegt og samhæft ríkiskerfi í umgjörð og umhverfi. Ráðist var í endurskipulagningu á Ríkiskaupum til að virkja slagkraft opinberra innkaupa til sóknar í nýsköpun auk sameiginlegra innkaupa í hagræðingarskyni, s.s. á færsluhirðingu fyrir A-hluta stofnanir.

Samkvæmt þjónustukönnunum sem gerðar voru á árinu er almenn ánægja með þjónustu ríkisins en áfram er unnið að stöðugum umbótum í starfsemi ríkisins með umbótasamtölum. Allar ríkisstofnanir hófu þau haustið 2020 í kjölfar kjarasamninga þar sem áhersla var lögð á umbætur í ríkisrekstri sem grundvöll betri vinnutíma og framþróunar á þjónustuveitingu.

Markvisst starf um endurmat útgjalda var í gangi í ráðuneytinu 2020 og stýrihópur vann að undirbúningi nokkurra endurmataverkefna, en með endurmati útgjalda er litið til veittrar þjónustu, fjárveitinga og mögulegra hagræðingaraðgerða.

Um ráðuneytið

Árið var líkt og annars staðar óvenjulegt í starfsemi ráðuneytisins, vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, sem hafði í för með sér að starfsfólk vann stóran hluta ársins í fjarvinnu. Þessu fylgdu ýmsar áskoranir en einnig sköpuðust tækifæri með notkun nýs og samræmnds skrifstofuumhverfis til samvinnu og samskipta sem voru vel nýtt í mörgum og krefjandi verkefnum sem ráðuneyti hafði með höndum á árinu.

106

Fjöldi starfsmanna

49

Fjöldi karla

57

Fjöldi kvenna




Í desember 2020 fór fram viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi ráðuneytisins og er ráðuneytið með jafnlaunavottun



Ráðuneytið lauk við fjórða græna skrefið á árinu

Skipurit ráðuneytisins



Að auki er Stafrænt Ísland innan ráðuneytisins, en það er eining sem vinnur að framþróun stafrænnar þjónustu.

Tölfræði um starfsemi 2020

1.082

Fjöldi mála

40

Beiðni um aðgang að gögnum
(sérstök mál)

39

Frumvörp og þings-
ályktunartillögur á Alþingi

15.407

Fjöldi skjala

297

Fyrirspurnir

36

Samþykkt lög og þingsályktanir

55

Skriflegar fyrirspurnir frá Alþingi
(+ 4 munnlegar)

192

Fréttir á vef

Málefнасvið og málaflokkar



Málefnasvið og málaflokkar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber alfarið ábyrgð á þremur málefnasviðum og að hluta fimm öðrum málefnasviðum en málaflokkar sem eru ábyrgð ráðuneytisins eru samtals 15. Undir ráðuneytið heyrja átta A-hluta stofnanir sem tilheyra þrem málaflokkum:

05.1 Skattar og innheimta

Skatturinn

Yfirskattanefnd

Skattrannsóknarstjóri

05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Framkvæmdasýsla ríkisins

Ríkiseignir

Bankasýsla ríkisins

05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins

Fjárþýsla ríkisins

Ríkiskaup

Fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:

- **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.**
- **33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar.**
- **34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.**

Auk þess ber ráðherra að hluta ábyrgð á eftirfarandi málefnasviðum:


- 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, sbr. málefni upplýsingasamfélagsins í málaflokki 06.1.
- 16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar í málaflokki 16.1.
- 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks, sbr. jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða í málaflokki 27.5.
- 29 Fjölskyldumál, sbr. barnabætur í málaflokki 29.1.
- 31 Húsnæðisstuðningur, sbr. húsnæðisstuðning í málaflokki 31.1.

Myndin sýnir fjárhagslegt umfang fjármála- og efnahagsráðuneytis skipt eftir málefnasviðum árið 2020.

Sýndur er rekstur málefnasviða ásamt fjárfestingu.

Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.)

Rekstrarútgjöld og fjárfestingar



Mynd 1. Rekstur málefnasvið og málaflokka.



Stofnanir

Tíu stofnanir heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið og ein ráðuneytisstofnun. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstöðumenn stofnananna.

Helstu breytingar í einstökum stofnunum árið 2020

Í janúar 2020 tók gildi sameining embættis ríkisskattstjóra og tollstjóra. Sameinuð stofnun heitir Skatturinn og er öflug og leiðandi upplýsingastofnun á sviði skatta- og tollamála.

Í nóvember 2020 var lagt fram frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra þar sem lagt var til að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins yrði sérstök eining innan Skattsins, sem sameinaðist embætti ríkisskattstjóra. Markmiðið með lagasetningunni er að styrkja eftirlit og rannsóknir skattundanskota.

Í mars 2020 var **Sólrun Jóna Böðvarsdóttir** sett framkvæmdastjóri Ríkiseigna.

Í júlí 2020 var **Björgvin Víkingsson** skipaður nýr forstjóri Ríkiskaupa.

Stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins — Forstjóri Ívar J. Arndal

Hlutverk: ÁTVR hefur með höndum innkaup á áfengi til smásölu og tóbaki til heilðsölu, birgðahald og dreifingu á áfengi til áfengisverslana, rekstur áfengisverslana og þjónustu við viðskiptavinum, birgðahald, heilðsölu og dreifingu á tóbaki, að tryggja að allt tóbak

sé merkt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir og álagningu og innheimtu tóbaksgjalds.

Bankasýsla ríkisins — Forstjóri Jón Gunnar Jónsson

Hlutverk: Bankasýslan fer með eignarhluti ríkisins í fjármála fyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum.

Fjársýsla ríkisins — Forstjóri Ingbór Karl Eiríksson

Hlutverk: Fjársýslan sér um fjármál ríkisins og er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármála-tengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Framkvæmdasýsla ríkisins — Forstjóri Guðrún Ingvarsdóttir

Hlutverk: Framkvæmdasýsla ríkisins á að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda og húsnæðisöflunar. Markmið hennar er að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við uppbyggingu og öflun aðstöðu fyrir starfsemi ríkisaðila.

Náttúruhamfaratrygging Íslands

— Framkvæmdastjóri Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Hlutverk: Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur það hlutverk að váttryggja helstu verðmæti gegn náttúruhamförum.

Ríkiseignir

— Framkvæmdastjóri Sólrún Jóna Böðvarsdóttir

Hlutverk: Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins. Ríkiseignir eiga að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna.

Ríkiskaup

— Forstjóri Björgvin Víkingsson

Hlutverk: Ríkiskaup annast beina framkvæmd útboða, innkaupa, rammamninga og eignasölu fyrir stofnanir og fyrirtæki í rekstri ríkissjóðs og er þetta fyrirkomulag bundið í lög.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins

— Skattrannsóknarstjóri Bryndís Kristjánsdóttir

Hlutverk: Skattrannsóknarstjóri fer með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota og rannsóknir á brotum á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Hann tekur ákvörðun um refsimeðferð í kjölfar skattrannsókna.

Skatturinn

— Ríkisskattstjóri Snorri Olsen

Hlutverk: Stofnunin annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Jafnframt starf-rækir stofnunin sérstaka einingu sem fer með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og tryggir þannig ríkissjóði tekjur. Skatturinn gegnir einnig margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögmetum inn- og útflutningi vöru. Loks viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnissjónarmið í viðskiptalífnu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Yfirskattanefnd

— Formaður Ólafur Ólafsson

Hlutverk: Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórn-sýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Úrskurðar-vald yfirskattanefndar tekur m.a. til kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, ágreinings innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum og úrskurðar nefndin í ágreinings-málum vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt.

Umbra

— Framkvæmdastjóri Viktor Jens Vigfússon

Hlutverk: Umbra er ráðuneytisstofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Helsta hlutverk Umbru er að vera miðstöð innri þjónustu og þróunar sem gerir ráðuneytunum kleift að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

Frávikagreining – málefнасvið og málaflokkar

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarafkomu þeirra málaflokka málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðherra ber ábyrgð á, ásamt málaflokkum annarra málefnasviða sem fjármála- og efnahagsráðuneytið á hlutdeild í.

Taflan sýnir raungjöld, rekstur og tilfærslur málaflokka, í milljónum króna að frádregnum rekstrartekjum í samanburði við fjárheimildir ársins 2020 ásamt uppsöfnuðum frávikum frá fyrri árum.

Tafla 1. Rekstur málefnasviða og málaflokka.

Málaflokkar – rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik m.kr.	Uppsafnað frávik %
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	17.717,3	17.417,1	-300,2	-1,7%	1.612,3	1.312,1	6,9%
0510 - Skattar og innheimta	8.094,7	7.887,4	-207,3	-2,6%	1.000,8	793,5	8,9%
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	1.102,9	814,8	-288,1	-35,4%	776,2	488,1	30,7%
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	2.565,7	2.524,0	-41,8	-1,7%	191,3	149,5	5,5%
0540 - Stjórnsýsla ríkisfjármála	5.954,0	6.191,0	237,0	3,8%	-356,0	-119,0	-2,0%
06 Hagskýrslugerð og upplýsingamál	105,7	86,3	-19,4	-22,5%	13,3	-6,1	-6,1%
0610 - Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	105,7	86,3	-19,4	-22,5%	13,3	-6,1	-6,1%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála	2.424,3	2.330,5	-93,8	-4,0%	784,6	690,9	22,2%
1610 - Markaðseftirlit og neytendamál	2.424,3	2.330,5	-93,8	-4,0%	784,6	690,9	22,2%
20 Framhaldsskólastig	0,0	0,0	0,0	-	-9,9	-9,9	-
2010 - Framhaldsskólar	0,0	0,0	0,0	-	-9,9	-9,9	-
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	5.129,9	5.134,0	4,1	0,1%	0,0	4,1	0,1%
2750 - Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða	5.129,9	5.134,0	4,1	0,1%	0,0	4,1	0,1%

Málaflokkar – rekstur	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik m.kr.	Uppsafnað frávik %
29 Fjölskyldumál	15.767,1	16.200,0	432,9	2,7%	0,0	432,9	2,7%
2910 - Barnabætur	15.767,1	16.200,0	432,9	2,7%	0,0	432,9	2,7%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	23.854,6	52.800,0	28.945,4	54,8%	0,0	28.945,4	54,8%
3010 - Vinnumál og atvinnuleysi	23.854,6	52.800,0	28.945,4	54,8%	0,0	28.945,4	54,8%
31 Húsnæðisstuðningur	2.661,5	3.400,0	738,5	21,7%	0,0	738,5	21,7%
3110 - Húsnæðisstuðningur	2.661,5	3.400,0	738,5	21,7%	0,0	738,5	21,7%
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	125.410,9	106.559,9	-18.851,0	-17,7%	0,0	-18.851,0	-17,7%
3310 - Fjármagnskostnaður	72.036,2	44.743,7	-27.292,5	-61,0%	0,0	-27.292,5	-61,0%
3320 - Ríkisábyrgðir	-504,9	0,0	504,9		0,0	504,9	
3330 - Lífeyrisskuldbindingar	53.879,5	61.816,2	7.936,6	12,8%	0,0	7.936,6	12,8%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	21.676,3	20.426,4	-1.249,9	-6,1%	20,6	-1.229,2	-6,0%
3410 - Almennur varasjóður	0,0	2.837,2	2.837,2	100,0%	0,0	2.837,2	100,0%
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	0,0	510,1	510,1	100,0%	20,6	530,8	100,0%
3430 - Afskriftir skattkrafna	21.676,3	17.079,1	-4.597,2	-26,9%	0,0	-4.597,2	-26,9%
Samtals	214.747,5	224.354,3	9.606,8	4,3%	2.420,9	12.027,7	5,3%

Alls námu heildarútgjöld, þ.e. gjöld og fjárfestingar, þeirra málaflokka sem fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á 216 ma.kr. árið 2020 en áætlanir gerðu ráð fyrir 229 ma.kr. Stór hluti heildarútgjalda ráðuneytisins er vegna svokallaðra óreglulegra og kerfislægra liða en útgjöld vegna fjármagnskostnaðar, afskrifta skattkrafna og lífeyrisskuldbindinga námu samtals 150 ma.kr. á árinu, eða 69% af heildarútgjöldum.

Útgjöld málaflokks **30.1 Vinnumál og atvinnuleysi** eru 29 ma.kr. lægri en fjárheimildir ársins. Skýrist það af því að undir þennan málaflokk fellur stuðningur til fyrirtækja vegna heimsfaraldursins en þar sem mikil óvissa var um kostnað vegna þeirra var ákveðið að miða við ytri mörk á mögulegum kostnaði. Þau úrræði sem falla undir þennan málaflokk eru þrjú; launakostnaður á uppsagnarfresti þar sem fjárheimild var nær fullnýtt og síðan lokunarstyrkir til fyrirtækja vegna COVID-19 og tekjufallsstyrkir til rekstraraðila vegna COVID-19 þar sem kostnaður var verulega undir fjárheimildum. Framkvæmd vegna tekjufallsstyrkja frestaðist sem leiddi til þess að hluti af kostnaðinum mun falla á árið 2021.

Undir tapaðar kröfur og tjónabætur í málaflokki **33.2 Ríkisábyrgðir** var á árinu 2019 færð niðurfærsla á viðskiptakröfu sem myndaðist við uppgjör milli Ríkissjóðs og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar. Í uppgjörinu fórst fyrir að eignfæra lóðir sem færðar voru af efnahagsreikningi félagsins yfir til ríkisins en þær eru nú færðar til eignar á efnahagsreikning ríkissjóðs á árinu 2020 og niðurfærslan bakfærð.

Í málaflokki **33.1 Fjármagnskostnaður** nema útgjöld 72 ma.kr. sem er 27,3 ma.kr. umfram áætlun fyrir árið 2020. Frávikid skýrist að nær öllu leyti af veikingu íslensku krónunnar sem leiddi til 29,8 ma.kr.

gjaldfærslu vegna gengisáhrifa á höfuðstól erlendra lána en ekki er áætlað fyrir breytingum á gengi krónunnar. Á móti kemur að hluta að vaxtastig reyndist lægra en áætlanir byggðust á sem dró úr vaxtakostnaði vegna innlendra lána þrátt fyrir stórauðna útgáfu ríkisbréfa.

Í málaflokki **33.3 Lífeyrisskuldbindingar** nema útgjöld 53,9 ma.kr. og eru þau 7,9 ma.kr. lægri en áætlanir. Frávikin skýrast að mestu af því að hrein raunávöxtun á fyrirframgreiðslum ríkissjóðs upp í bakábyrgðarskuldbindingar í B-deild LSR var með hæsta móti eða 12,2% sem vóg á móti hækkun á vísitölu launa opinberra starfsmanna.

Heildargreiðslur málaflokks **31.1 Húsnæðisstuðningur** vegna vaxtabóta eru 738,5 m.kr. undir heimildum eða sem um nemur 21,7%. Skýringu fráviksins er að finna í samspili nokkurra þátta. Lægt vaxtastig hefur leitt til þess að vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, voru lægri en gert var ráð fyrir. Þá hefur eignastaða landsmanna í húsnæði batnað á milli ára sem leiðir til aukinnar skerðingar. Auk þess hækkðu tekjur vaxtabótaþega á sama tíma og viðmiðunarfjárhæðir kerfisins héldust óbreyttar sem leiddi til þess að færri fengu greiddar vaxtabætur.

Útgjöld málaflokks **5.1 Skattar og innheimta** eru 2,6% umfram fjárheimildir ársins 2020 þar sem málaflokkurinn er að ganga á uppsafnaðar heimildir frá fyrri árum. Gert er ráð fyrir að áfram verði gengið á uppsafnaðar fjárveitingar á árinu 2021. Skýrist það af því að Skatturinn hefur fengið til sín mikið af nýjum verkefnum í tengslum við viðbrögð við heimsfaraldrinum og hefur m.a. fengið heimild til að ganga á uppsafnaðar fjárveitingar til að mæta þeim útgjöldum. Auk þess hefur stofnunin misst sértekjur í kjölfar heimsfaraldursins.

Frávik vegna almenna varasjóðsins sýna óráðstafaða stöðu varasjóðsins, sem mun verða felld niður í árslok. Frávik annarra málaflokka voru óveruleg.

Afskrift skatta og annarra óinnheimtra ríkistekna í málaflokki **34.3 Afskriftir skattkrafna** nam 21,7 ma.kr. sem er nokkru minna en undanfarin ár. Áætlað hafði verið að afskriftir myndu minnka meira milli ára og er niðurstaðan 4,6 ma.kr. umfram áætlun fjárlaga. Óinnheimtar eftirstöðvar eru metnar árlega og færðar niður með tilliti til þess hversu líklegt er að þær muni innheimtast. Niðurstöður matsins leiða fram raunhæft verðmæti eignar ríkisins í formi krafna á skattgreiðendur og færist hún í efnahagsreikning. Beitt var sömu matsaðferð og undanfarin tvö ár, þ.e. sérstakri rýni til viðbótar við hefðbundið verklag. Eftirstöðvar voru greindar eftir einstökum tegundum skatta og aldri kröfu, og þörf fyrir niðurfærslu metin í ljósi sögulegrar reynslu af innheimtu. Mest var afskrifað af tekju-skatti einstaklinga, 8,1 ma.kr., og næstmest af VSK, 7,7 ma.kr. Tekjur utan skatta og tryggingagjalda voru færðar niður um alls 2,8 ma.kr. og voru það aðallega sektarkröfur.





Tafla 2. Fjárfestingar málefna sviða og málaflokka.

Fjárfestingar málaflokka	Fjárheimild	Ónýtt heimild frá fyrra ári	Ráðstafað á árinu	Staða í árslok
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	2.956,9	901,3	-1.835,1	2.023,1
0510 - Skattar og innheimta	84,6	131,9	-87,4	129,0
0520 - Eignaumsýsla ríkisins	1.825,6	820,8	-709,2	1.937,2
0530 - Fjármálaumsýsla ríkisins	159,0	-111,1	-154,8	-107,0
0540 - Stjórnsýsla ríkisfjármála	887,7	59,8	-883,7	63,9
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	-220,0	240,0		20,0
3320 - Ríkisábyrgðir	-220,0	240,0		20,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	2.315,5	492,7		2.808,2
3410 - Almennur varasjóður	-79,9	257,2		177,3
3420 - Sértækar fjárráðstafanir	2.395,4	235,5		2.630,9
Samtals	5.052,3	1.634,0	-1.835,1	4.851,3

Taflan sýnir fjárfestingu í m.kr. í samanburði við áætlanir ársins 2020 ásamt uppsöfnuðum frávikum fyrri ára. Í fyrsta dálki er það sem ráðstafað var á árinu.

Á málefna sviði 5 er um að ræða uppsafnað fjárfestingarframlag sem skýrist að mestu af uppsöfnuðu framlagi vegna fjárfestinga sem hafa frestast. Vegur þar mest fjárveiting vegna Sjávarútvegshússins

en dregist hefur að hefja verkefni. Heimild til að flýta framkvæmdum er vegna sérstaks tímabundins fjárfestingaráttaks til fjárfestingar og nam heimild ársins 2020 samtals 17,9 ma.kr. Fjárveitingar voru milli-færðar til stofnana eftir framgöngu verkefna og gerðu áætlanir ráð fyrir að hluti af þessari fjárveitingu, um 2,8 ma.kr, yrði nýttur árið 2021. Fjárheimildin verður fullnýtt árið 2021.

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna



Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnasviðum sem fjármála- og efnahagsráðherra hefur forræði yfir. Uppbygging þeirra er sambærileg þar sem markmið eru skilgreind, stöðumat er birt og tíunduð þau verkefni sem helst stuðluðu að framgangi viðkomandi

markmiða á árinu. Árangursmælingar markmiða eru tvíþættar: mælikvarðar 2020 í fjármálaáætlun 2020–2024 eru gerðir upp og sömu-leiðis aðgerðir ársins, sem settar voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020.

Aðgerðir sem styðja við markmið X	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Stutt yfirskrift aðgerðar ásamt viðbótarskýringartexta.	<ul style="list-style-type: none"> ● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið 	Ártal

Staða aðgerða eftir málaflokkum

Staða aðgerða eftir málaflokkum í árslok 2020 er birt á mynd 2. Hver aðgerð er merkt eftir ofangreindu stöðumati og sýnir yfirlitið stöðu allra aðgerða ráðuneytisins sem í ár voru 49 talsins. Málaflokkarnir eru eðlisólíkir og aðgerðirnar sem skilgreindar eru ná yfir mismunandi tímabil sem skýrir að hluta mismunandi stöðu aðgerða í árslok 2020.

Af þeim 49 aðgerðum sem skilgreindar voru í fjárlagafrumvarpinu, er varða málaflokka ráðuneytisins, var 45 þeirra lokið eða í vinnslu í lok árs. Þrjár aðgerðir voru í undirbúningi og ein aðgerð ekki hafin.

Yfirlit yfir stöðu aðgerða allra málaflokka

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
5.1 Skattar og innheimta	● 1		● 5	● 2		8
5.2 Eignaumsýsla	● 2	● 3	● 5			10
5.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins	● 1	● 1	● 6	● 2		10
5.4 Stjórnýsla ríkisfjármála			● 5	● 5		10
6.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál			● 1	● 1		2
16.1 Markaðseftirlit og neytendamál				● 2		2
33.1 Fjármagnskostnaður		● 2	● 1			3
33.2 Ríkisábyrgðir		● 1	● 1			2
33.3 Lífeyrisskuldbindingar		● 1	● 1			2
Samtals aðgerðir	1	3	8	25	12	49

● Aðgerð ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Aðgerð komin vel á veg
 ● Aðgerð lokið





05.1 Skattar og innheimta

Með fjárlögum fyrir árið 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir málaflökk 05.1 Skattar og innheimta. Eftirfarandi markmið málaflöksins miða að því að tryggja að skattaumsýsla, þ.e. skattframkvæmd og innheimta, sé í samræmi við það meginmarkmið að stuðla að einföldu og skilvirku skattkerfi til að fjármagna sameiginleg útgjöld þjóðarinnar. Stefnt er að aðgengilegri upplýsingagjöf um forsendur þeirra skatta sem einstaklingar og fyrirtæki greiða. Með aðgerðum í tengslum við málaflökkinn er stefnt að skilvirkum og gagnvirkum samskiptum með virkri þátttöku einstaklinga og fyrirtækja á vinnu-markaði.

-
1. **Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.**
 2. **Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.**
-

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2020–2024 fyrir árið 2020 og stöðunnar í lok ársins 2020. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Bæta skattskil og öflun tekna til sameiginlegra útgjalda.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall þeirra sem skila upplýsingum innan tímamarka:			
a) skattframtöl einstaklinga,	a) 93,4%	a) 96,5%	a) 93,7%
b) framtöl lögaðila,	b) 82%	b) 82%	b) 86%
c) virðisaukaskattsskýrslur.	c) 93,9%	c) 95,1%	c) 92,7%
Innheimtuhlutfall vegna			
a) tekjuskatts einstaklinga,	a) 89,7%	a) 86,5%	a) 84,9%
b) tekjuskatts lögaðila,	b) 94,7%	b) 86,5%	b) 95,8%
c) virðisaukaskatts.	c) 86,2%	c) 82,3%	c) 85%
Afskriftir.	2,39%	1%	2,57%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Endurskoða gjaldtöku í samgöngum út frá því markmiði að framtíðarskattlagning ökutækja byggist í auknum mæli á notkun.	<ul style="list-style-type: none"> Verkefnisstjórn um skattlagningu á notkun ökutækja var sett á fót til að móta tillögur að framtíðarstefnu um sjálfbæra skattlagningu ökutækja. Þar er horft til þess að byggt verði sjálfbært kerfi til framtíðar sem tryggir ríkissjóði nægar tekjur ásamt því að viðhalda efnahagslegum hvötum til kaupa á vistvænum bifreiðum sem eru til staðar í kerfinu í dag. Kannað verður hvort þróa megi stafrænar leiðir fyrir eigendur ökutækja til að tilkynna fjölda ekinna kílómetra á einfaldan og hagkvæman hátt. 	2019–2021
Skattrannsóknir og skatteftirlit eftl, m.a. með áherslu á áhættu- stjórnun og áhættugreiningu.	<ul style="list-style-type: none"> Á árinu var skatteftirlit eftl þar sem lögð var áhersla á stafræna vinnslu og gervigreind við greiningu mála. Lögð var áhersla á mál sem tengjast eftirliti með peningþvætti, milliverðlagningu og stór- fyrirtækjum. Þá var lögð áhersla á áframhaldandi skráningu raunverulegra eigenda þeirra lögaðila og sjóða sem falla undir 2. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda, nr. 82/2019. Vegna skattrannsóknna hefur aukin áhersla verið lögð á greiningu hvers máls í kjölfar móttöku þess. 	2018–2020

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Efla eftirfylgni við yfirferð umsókna og eftirlit vegna umsókna um skattafslátt vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.	● Á árinu var fjármagn til Rannís aukið um 18 m.kr. í samræmi við samning ráðuneytisins við Rannís um umsýslu umsókna um skattfrádrátt vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Á árinu 2020 barst Rannís metfjöldi umsókna frá nýsköpunarfyrirtækjum sem sóttu um slíkan skattfrádrátt. Rannís nýtti fjármagnið m.a. til að greiða laun starfsmanna sem sinna afgreiðslu og úrvinnslu slíkra umsókna ásamt því að fara í vettvangsheimsóknir til umsækjenda. Þá var jafnframt innleitt endurbætt umsóknarkerfi og nýtt umsýslukerfi sem mun auka skilvirkni við umsóknarferli og auðvelda samskipti umsækjenda við Rannís.	2019–2022
Greining á mismunandi áhrifum skattkerfisins á kynin.	● Ákvarðanir um tekjuöflun ríkisins fela í sér félagslega og efnahagslega forgangsöröðun stjórnvalda og vegna ólíkrar stöðu karla og kvenna innan samfélagsins hafa þessar ákvarðanir mismunandi áhrif á kynin sem taka þarf mið af. Við framtíðarákvarðanatöku um breytingar á tekjuöflun ríkisins verður horft til greiningar á mismunandi áhrifum skattkerfisins á kynin. Síðustu greiningar þar sem horft hefur verið til þessara þátta er endurmat á skattstofni fjármagnstekjuskatts og breytingum á erfðafjárskatti.	2020–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Skilvirkari og einfaldari opinber innheimta.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi gjalddaga.	206 gjalddagar á 70 dögum ársins.	Að hefja endurskoðun gjalddaga til jöfnunar á sveiflum á stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma.	206 gjalddagar á 69 dögum ársins.
Innheimtukostnaður ríkissjóðs.	553 m.kr.	5% lækkun frá 2019.	530 m.kr.
Fjöldi innheimtumanna.	9	Viðmið ekki skilgreint.	9

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Frankvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Endurskoðun á tryggingagjaldi, m.a. með tilliti til samspils atvinnu-tryggingagjalds og almenna tryggingagjaldsins.	<ul style="list-style-type: none"> Áformað var að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, á árinu 2020. Með frumvarpinu yrði lagt til að prósentur tekna vinnumarkaðssjóðanna af tryggingagjaldinu og vægi tryggingagjaldsins í útgjöldum lífeyris- og slysatrygginga almannatrygginga yrði stillt af til að samræma tekjurnar betur við fjárförf sjóðanna á komandi árum og til að styrkja sveiflujöfnunarhlutverk atvinnutryggingasjóðs. Gert hefur verið ráð fyrir því að það skapi meiri festu og fyrirsjáanleika í umgjörð þessarar tekjuöflunar en að með lagabreytingum yrðu tekin upp ný viðmið fyrir ákvörðunum stjórnvalda um breytingar á tryggingagjöldum. Ekkert varð hins vegar af fyrirhuguðum áformum þar sem þeim var frestað fram á árið 2021. 	2018–2021
Aukin áhersla á rafræn skil og sjálfvirkni í innheimtu.	<ul style="list-style-type: none"> Starfsemi skattfirvalda fer að langmestu leyti fram með rafrænum hætti og hafa rafræn skil vaxið jafnt og þétt með ári hverju. Stefnt er að enn frekari áherslu á rafræn skil á komandi árum. Á árinu 2020 var lögð áhersla á að sameina allar fyrirsurnir, kærur, erindi og önnur samskipti í rafrænan farveg á þjónustuvef skattfirvalda. Í dag fer skráning einkahlutafélaga fram með tvennum hætti, annars vegar á pappír og hins vegar í gegnum rafræna fyrirtækjaskrá með rafrænum hætti. Stefnt er að því að það sama verði með skráningu hlutafélaga. Þá má nefna í þessu sambandi að á árinu 2020 jókst hlutfall rafrænna umsókna hjá fyrirtækjaskrá Skattsins umtalsvert. Þær aðgerðir sem ráðist var í í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 og eru á hendi Skattsins fara að öllu leyti fram með rafrænum hætti. Í því sambandi má nefna endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna átaksins „allir vinna“, lokunarstyrki, viðspyrnustyrki, tekjufallsstyrki o.fl. 	2018–2024
Skoda með heildstæðum hætti skatta og skattaívilnanir sem varða stefnumörkun í umhverfismálum.	<ul style="list-style-type: none"> Á árinu 2020 hófst greiningarvinna við mat á þörfinni fyrir heildstæða yfirferð yfir skatta og skattaívilnanir sem varða stefnumörkun í umhverfismálum. Í lok árs lá fyrir niðurstaða þess efnis að rétt væri að setja á fótt starfshóp sem fengi það hlutverk að fara með heildstæðum hætti yfir skatta og skattaívilnanir á sviði umhverfismála, m.a. með tilliti til aðgerðaáætlunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, plastmálefnum o.fl. 	2020–2021
Unnið að samþættingu verkefna RSK og tollstjóra.	<ul style="list-style-type: none"> Með lögum um breytingu á tollalögum og fleiri lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu), nr. 141/2019, var tekin sú ákvörðun að frá og með 1. janúar 2020 yrði embætti ríkisskattstjóra og tollstjóra sameinað í öflugri og leiðandi upplýsingastofnun, Skattinum. Markmið breytinganna var að bæta þjónustu með samþættingu, sjálfvirknivæðingu og stafræna opinbera þjónustu að leiðarljósi. Með breytingunni voru verkefni á sviði tollafgreiðslu og tollgæslu sameinuð við verkefni ríkisskattstjóra. Á árinu 2020 var í kjölfarið unnið að samþættingu verkefna RSK og tollstjóra. Þrátt fyrir að heimsfaraldur kórónuveiru hafi haft töluverð áhrif á sameininguna og hægt á áætlunum í þeim efnunum liggur fyrir að með sameiginlegri stofnun, Skattinum, myndaðist ákveðinn sveigjanleiki og hagræði, m.a. í verkefnum, sem nýttist Skattinum vel á árinu 2020. 	2020–2021

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið



05.2 Eignaumsýsla ríkisins

Með fjárlögum fyrir árið 2020 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk **05.2 Eignaumsýsla ríkisins**.

Eitt markmið hefur tekið breytingum frá fyrra ári. Markmiði 3 um að setja skýrari ramma um hagnýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins hefur verið breytt lítillega til að leggja meiri áherslu á að tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu þessara eigna sem er í auknu samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar.

1. **Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.**
 2. **Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.**
 3. **Tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.**
-

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í fjármálaáætlun 2020–2024 og stöðunnar í lok ársins 2020. Við samanburðinn ber þó að hafa í huga að markmiðin hafa að einhverju leyti tekið breytingum í núgildandi fjármálaáætlun.

Markmið 1: Viðunandi arðsemi, bætt yfirsýn og aukið gagnsæi í rekstri félaga í eigu ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Samfélagslegur ávinningur og gagnsæi mælt sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og sem sett hafa sér mælanleg samfélagsleg markmið og gert grein fyrir þeim í ársskýrslu.	50%	30%	50%
Fjárhagslegur ávinningur mældur sem hlutfall félaga í eigu ríkisins sem rekin eru á viðskiptalegum forsendum og mæta settri arðsemiskröfu eigin fjárundangengin þrjú ár.	Mælikvarði í endurskoðun	35%	Mælikvarði í endurskoðun
Yfirsýn og gagnsæi mælt sem hlutfall stærri félaga í eigu ríkisins sem skila fimm ára fjárhagsáætlun og yfirlýsingum gagnvart markmiðum eigandastefnu.	80% skiluðu fimm ára áætlun	70%	80% skiluðu fimm ára áætlun

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Unninn verður miðlægur gagnagrunnur með fjárhagslegum upplýsingum um félög í eigu ríkisins ásamt greiningartólum. Stefnt er að því að a.m.k. hluti gagnanna verði í framhaldinu aðgengilegur almenningi rafrænt.	● Tekinn í notkun gagnagrunnur, upplýsingar úr ársreikningum ríkisfélaga, um stjórnarskipan og launupplýsingar stjórnarmanna og forstjóra aðgengilegar á vef Stjórnarráðsins.	2019–2020
Gefin verði út endurskoðuð almenn eigandastefna ásamt viðauka með reglum um val á stjórnarmönnum. Einnig verði gerð drög að viðaukum fyrir orkufyrirtæki í eigu ríkisins og Isavia.	● Drög að endurskoðaðri stefnu lágu fyrir á árinu 2020. Fóru í samráðsgátt stjórnvalda á árinu 2021. Viðauki fyrir Isavia hefur verið gefinn út en reglur um val í stjórnir og viðauki fyrir orkufyrirtækin eru enn í vinnslu.	2018–2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Formfesta reglulega fundi með stærrri félögum ríkisins þar sem farið verður yfir áætlanir til 5 ára í senn og fylgt eftir meginreglum, viðmiðum og markmiðum sem fram koma í eigandastefnu.	● Aðgerðir ríkisfyrirtækja vegna COVID-19 áhrifa voru fyrirferðarmiklar á reglulegum fundum með stærrri félögum ríkisins á árinu. Formfesta er því ekki að fullu innleidd en verður það á næstu tveimur árum.	2018–2021
Hefja reglubundna söfnun kyngreindra tölfræðigagna um eignir ríkisins. Leiðréttu þarf kynjahlalla ef hann er til staðar.	● Gögn um kynjahlutföll í stjórnnum ríkisfyrirtækja eru nú birt á vef Stjórnarráðsins. Vinna er hafin við söfnun gagna í gagnagrunn um kynjahlutföll lykilstjórnenda og allra starfsmanna í ríkisfyrirtækjum.	2019–2024

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Bæta yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall eigna sem eru í miðlægrri umsýslu ríkisins.	55% fasteigna 82% jarða	75%	55% fasteigna 84% jarða
Hlutfall jarða og auðlinda sem skráðar eru í miðlægan korta- og landupplýsingagrunn um ríkisjarðir.	33%	60%	81% jarða 36% auðlinda
Hlutfall húsnæðis í eigu ríkisins í markaðsleigu eða leigu byggðri á kostnaðargrunni.	55%	75%	55%

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Innleiðing nýrrar eigandastefnu fyrir jarðir, land, lóðir og auðlindir í eigu ríkisins.	● Gengið var frá verklagsreglum um ráðstöfun á lóðum og spildum í eigu ríkisins.	2019–2020

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Mótað framtíðarfyrirkomulag fasteignaumsýslu og lokið við færslu fasteigna í miðlæga umsýslu.	● Unnið var að mótun forsendna fyrir sérstakt fasteignafélag utan um fasteignir Háskóla Íslands í samræmi við markmið um miðlæga og faglega umsýslu fasteigna. Þá var heimildar aflað í 6. gr. fjárlaga til að koma á fót slíku félagi sem gert er ráð fyrir að verði stofnað á árinu 2021.	2019–2020
Allar eignir ríkisins eignfærðar í samræmi við breyttar reiknings-skilareglur og tekin upp markaðsleiga fyrir fasteignir ríkisins.	● Gengið var frá verðmati á 393 jörðum og spildum í eigu ríkisins í samstarfi við Ríkiseignir og fasteignaskrá þjóðskrár sem notað verður til grundvallar vegna eignfærslu þeirra eigna í efnahagsreikningi ríkisins.	2019–2020
Fjárfestingaráætlun gerð til fimm ára vegna húsnæðis- og framkvæmdamála ríkisins.	● Vinna við mótun heildstæðrar fjárfestingaráætlunar vegna húsnæðis- og framkvæmdamála frestaðist í tengslum við ákvörðun stjórnvalda um að ráðast í sérstakt fjárfestingaráttak á árinu 2020.	2019–2021

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 3: Tryggja sjálfbærni og hagkvæma nýtingu lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall auðlindasamninga sem uppfylla kröfur almenns ramma sem unnið er að um nýtingu auðlinda í eigu ríkisins.	Ólokið	40%	Ólokið
Áætlaðar tekjur af sérleyfum vegna hagnýtingar á landi, náttúru eða auðlindum.	Ólokið	Tugir milljóna	Ólokið
Sérgreining tekna af auðlindasamningum ríkisins.	5%	60%	5%


Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Ljúka greiningu og skráningu upplýsinga um jarðeignir og auðlindir í eigu ríkisins í korta- og landgrunnsupplýsingakerfi.	● Lokið var við greiningu á 81% jarða og 36% auðlindakosta í korta- og landgrunnsupplýsingakerfi á vegum Ríkiseigna.	2018–2020
Vinna að nýrri rammalöggjöf um nýtingu lands í eigu ríkisins í atvinnuskyni.	● Vinna við mótn rammalöggjafar á þessu sviði frestaðist vegna annarra verkefna á vegum ráðuneytisins einkum er tengjast sérstöku fjárfestingarátaki stjórnvalda sem sett var af stað á árinu 2020.	2019–2020

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

05.3 Fjármálaumsýsla og rekstur ríkisins

Í fjármálaáætlun 2020–2024 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflökk **05.3 Fjármálaumsýsla ríkisins**. Eftirfarandi markmið málaflökk-sins miða að skilvirkri og hagkvæmri fjármálaumsýslu og rekstri ríkisins. Að auki er þeim ætlað að stuðla að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur. Eitt markmið málaflökk-sins hefur tekið breytingum frá fyrra ári. Markmiði var breytt til að fanga betur starfsumhverfi ríkisstarfsmanna og ítreka þjónustuhlutverk ríkisins við samfélagið. Í stað mælingar á hlutfalli ríkisstofnana með virka mannauðsstefnu var spurt í „Stofnun ársins“ hvort til væri skráð mannauðsstefna á stofnun og hvort að öllu, miklu, nokkru, litlu eða engu leyti væri unnið eftir skráðri starfsmannastefnu á stofnun.

1. **Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.**
 2. **Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu.**
 3. **Aukinn samrekstur og nýting sameiginlegra innviða.**
-



Markmið 1: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall málaflokka þar sem rekstur er innan fjárheimilda ársins.	88%	95%	73%
Hlutfall ríkisaðila með fjárhagsbókhalda í Orra sem gerir reikninga vegna kaupa á vöru og þjónustu aðgengilega almenningi á sérstakri vefsíðu.	99%	95%	99%
Hlutfall ríkisaðila í A-hluta sem nota miðlægt áætlanagerfi vegna áætlanagerðar fyrir næstkomandi ár.	95%	80%	96%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Innleiðing á innkaupakerfi fyrir stofnanir A-hluta.	● Áfram var unnið að þróun kerfisins á árinu og unnið úr reynslu prófunaraðila. Beiðnakerfi og samþykktarferli í þróun. Unnið við að auka vöruúrval. Fáar stofnanir bættust við.	2018–2022
Greining á tækifærum til sjálfvirknivæðingar ferla við fjármálaumsýslu.	● Á árinu 2020 var unnið að sjálfvirknivæðingu ferla við fjármálaumsýslu. Búið er að teikna upp alla meginferla og hefur áherla verið á sjálfsafgreiðslu ríkisaðila og að tryggja pappírslausa ferla. Þá hafa verið tekin góð skref í annarri sjálfvirknivæðingu, s.s. varðandi greiðslugátt á Ísland.is, greiðslubeiðnir, samþykktarferil reikninga, vöruhús gagna og þjónustugátt ríkisaðila.	2018–2020

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall stofnana skv. niðurstöðu „Stofnunar ársins“ varðandi ánægju og stolt:			
a) á starfshæfu bili og ofar (3,7-5)	a) 94%	a) 99%	a) 94%
b) á styrkleikabili (4,2-5)	b) 50%	b) 50%	b) 57%
Hlutfall stofnana skv. niðurstöðu „Stofnunar ársins“ varðandi stjórnun:			
a) á starfshæfu bili og ofar (3,7-5)	a) 87%	a) 90%	a) 87%
b) á styrkleikabili (4,2-5)	b) 40%	b) 40%	b) 43%
Hlutfall stofnana með virka mannauðsstefnu:			
a) Er til skráð mannauðsstefna (starfsmannastefna) í þinni stofnun/vinnustað?			a) 94,7% „já“
b) Er að öllu, miklu, nokkru, litlu eða engu leyti unnið eftir skráðri starfsmannastefnu í þinni stofnun?			b) 65,1% „að öllu/miklu leyti“

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Gerð og úrvinnsla þjónustukönnunar hjá stofnunum ríkisins með það að markmiði að bæta markvisst almannaðjónustu.	● Fyrsta samræmda þjónustukönnun ríkisstofnana var framkvæmd á tímabilinu janúar til desember 2020. Var spurt um þjónustu 121 stofnunar eða alls 73% stofnana ríkisins. Almenn ánægja er með þjónustuna en tækifæri eru til að auka hraða hennar. Niðurstöður hafa verið kynntar öllum ráðuneytum, á vef Stjórnarráðsins og viðkomandi forstöðumenn verið upplýstir. Unnið er að því að könnunin verði framkvæmd reglulega til þess að meta upplifun fólks á þjónustunni.	2018–2020
Framkvæmd aðgerða í stjórnendastefnu ríkisins (ráðningarferli, stjórnendasamtal og endurgjöf, starfslok).	● <ul style="list-style-type: none"> Stjórnendastefnan var kynnt á haustmánuðum 2019 Aðgerðahópar er snúa að ráðningarferli, stjórnendasamtali og endurgjöf og starfslokum sendu inn tillögur að aðgerðum í upphafi árs 2020 Innleiðing á aðgerðinni stjórnendasamtöl og endurgjöf hófst á haustmánuðum 2020 Aðgerðahópur um starfsþróun hóf störf í desember 2020 	2019–2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Framkvæmd aðgerða úr nýsköpunarstefnu.	● Aðgerðaáætlun um opinbera nýsköpun var gefin út í mars 2020. Í henni eru 12 aðgerðir sem snúa að því að auka þekkingu á nýsköpun, samvinnu og nýtingu gagna. Öllum aðgerðum verður lokið um mitt ár 2021.	2020–2021
Móta og innleiða stefnu ríkisins í mannauðsmálum.	● Verkefni frestað vegna forgangsröðunar annarra verkefna.	

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Markmið 3: Aukinn samrekstur og nýting sameiginlegra innviða.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall A-hluta ríkisstofnana sem tekur þátt í sameiginlegum innkaupum.	84%	99%	79%
Fjöldi stofnana sem tengst hefur tölvuskýi ríkisins.	0	10	0

Aðgerðir sem styðja við markmið 3	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Þróa aðferðir við mat á mannaflapörf fyrir starfsemi ríkisins – tilraunaverkefni.	● Mótaður hefur verið samstarfsvettvangur og skilgreind verkáætlun. Skoða þarf sérstaklega vel samlegðaráhrif við verkefni um betri vinnutíma, tæknivæðingu og umbætur í opinberri þjónustu.	2018–2020
Auka hagkvæmni í nýtingu skrifstofuhúsnæðis fyrir starfsemi ríkisins með sameiginlegri leigu á húsnæði fyrir margar ólíkar stofnanir.	● Gefið var út stefnuskjal um nútímalegt vinnuumhverfi stofnana ásamt nánari leiðbeiningum um þróun húsnæðis og starfsaðstöðu fyrir ríkisaðila. Þá var unnið áfram með innleiðingu þessara áherslna.	2019–2023
Koma á fót vettvangi fyrir umbótamál ríkisins.	● Eftir nánari greiningar var ráðist í umbótaferil hjá Ríkiskaupum til að gera stofnuninni kleift að standa betur að nýsköpunar- og umbótastarfi hjá stofnunum ríkisins. Ráðuneytið heldur áfram að leiða vinnuna.	2020
Móta og innleiða innkaupastefnu ríkisins.	● Stöðumat opinberra innkaupa var birt í samráðsgátt í byrjun árs 2020 eftir vinnustofur með framkvæmdaradílum og yfir 60 hagsmunaaðilum. Fimm umsagnir bárust sem nýttar voru í stefnumótunarferlinu. Stefnan var formlega gefin út í apríl 2021 ásamt aðgerðaáætlun fyrir árin 2021–2023.	2019–2023

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Eitt markmið málaflokksins hefur verið fellt brott frá fyrra ári er varðar hraðari uppbyggingu stafrænna innviða. Skýrist það af því að verkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins um stafrænt Ísland falla nú undir málaflokk 05.3.

Markmið í málaflokknum eru:

1. **Skýrari stefnumótun, samvirkni og mat á árangri.**
 2. **Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.**
-

Markmið 1: Skýrari stefnumótun, samvirkni og mat á árangri.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi heildstæðra stefna fyrir málefnasvið.	1	3–5	6
Vísanir/tengingar milli málefnasviða í fjármálaáætlun.	31	20	31
Hlutfall aðgerða sem er lokið innan tímamarka í fjármálaáætlun.	74%	>80%	74%

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Framkvæmd greiningar á launaútgjöldum ríkissjóðs út frá kynjasjónarmiðum.	● Greining birt í stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða í mars 2021.	2019–2023
Endurnýjun þjóðhagslíkans þannig að það taki meira mið af þróun opinberra fjármála og endurspegli betur áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.	● Þjóðhagslíkan tekur nú mið af þróun opinberra fjármála og endurspeglar áhrif fjármálastefnu og fjármálaáætlunar hverju sinni.	2016–2020
Skilgreining viðfangsefna fyrir útgjaldagreiningar á ýmsum þáttum ríkisrekstrar.	● Unninn var undirbúningur þriggja stórra verkefna í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti. Aðferðafræðin var lögð að íslenskum aðstæðum og áherslum LOF á sjálfbærni og gagnsæi opinberra fjármála á grundvelli mælanlegra, skýrra og auðsærra markmiða.	2017–2022
Efling greiningarstarfs og upplýsingamiðlunar, birting opinna reikninga og mánaðarlegra bókhaldsupplýsinga, endurbætt framsetning gagna á vef.	● Á árinu var fjárfest í vöruhúsi gagna, sjálfvirkum greiningarskýrslum og skýrari framsetningu gagna á vef sem sett verða formlega í loftið árið 2021. Opnir reikningar birta nú stofnanir sem nota eigið fjárhagskerfi.	2017–2022
Bætt áætlanagerð og upplýsingagjöf um fimm ára áætlun í ríkisfjármálum með hagnýtingu upplýsingatækni.	● Á árinu var farið í kerfisvæðingu á vinnslu fimm ára áætlunar, auk þess sem upplýsingagjöf til ráðuneyta var bætt til muna með fjölda viðskiptagreindarskýrsla.	2020–2022

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Bætt markmið allra málaflokka fjármálaáætlunar ásamt mælikvörðum sem miða með skýrum hætti að auknu virði fyrir samfélagið.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall mælikvarða í fjármálaáætlun sem mæla virði fyrir samfélagið: afurðir (e. output), áhrif (e. outcome) eða framfarir (e. end-outcome).	43%	45%	58%


Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Aukin fræðsla og hagnýt þjálfun í þróun mælikvarða og markmiða.	● Vinnustofur um gæðarýni markmiða og mælikvarða í málaflokkum. Samþætting áherslna um velsæld við stefnumörkun í opinberum fjármálum. Eftirfylgni: gæðarýni stefnumótunar málefnasviða og málaflokka á vinnslustigi.	2020–
Samþætting og þróun stoðþjónustu ráðuneyta með flutningi miðlægra verkefna til þjónustueiningar Stjórnarráðsins.	● Fjöldi sameiginlegra rekstrarverkefna ráðuneytanna hefur verið fluttur úr Umbru. Áfram verður unnið að því að stuðla að hagkvæmni í rekstri ráðuneytanna með auknum samrekstri.	2018–2020
Ljúka stefnumörkun um högun opinberra upplýsingakerfa og hefja innleiðingu á skipulagi (landsarkitektúr upplýsingaöryggis).	● Drög um leiðbeinandi tilmæli til opinberra stofnana sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok október 2020.	2020–2021
Uppsetning Straumsins og tengingar við grunnupplýsingakerfi ríkisins.	● Straumurinn er uppsettur og kominn í notkun. 22 stofnanir eru komnar með tengingu við Strauminn og hafa þær tengt 11 vefþjónustur.	2020–
Hefja ferli við kaup á skýjaumhverfi fyrir ríkið.	● Drög að skýjastefnu birtust í samráðsgátt í desember 2020 og jafnhliða fór af stað undirbúningur útboðs-krafna hjá Ríkiskaupum. Endurskoðuð skýjastefna verður birt auk aðgerðaáætlunar á árinu 2021.	2020–2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Í fjárlögum fyrir árið 2020 voru skilgreind fjögur markmið fyrir málaflökk **06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**. Markmið málaflokksins miða að því að opinber þjónusta byggist á lýðræði, skilvirkni og öryggi með þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi.

1. **Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum hagtölum, m.a. með viðbótarbreytum, nýjum hagskýrslum og lýsigögnum fyrir hagskýrslur, ásamt kynningarefni í tengslum við birtingu hagtalna.**
 2. **Ljúka uppsetningu og aðgengi að skilgreindum gagnasettum á grundvelli grunngerðar landupplýsinga (skv. INSPIRE-tilskipun) á Íslandi.**
 3. **Aukið framboð stafrænnar þjónustu.**
 4. **Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógn á netinu.**
-



Markmið 3: Aukið framboð stafrænnar þjónustu.**Mælikvarðar fyrir markmið 3****Raun 2019****Viðmið 2020****Raun 2020**

Fjöldi þjónustuveitenda/stofnana sem tengjast miðlægu þjónustugáttinni Ísland.is.

20%

100%

Breyting á áherslum. Vikið frá mælikvarða. Nú lögð áhersla á fjölgun stafrænna ferla.

Frammistaða í stafrænni þjónustu stjórnvalda, mæld á bilinu 0-1, í bakgrunnsmælingu WEF á Government usage (þáttur 2.3.1) skv. Network Readiness Index.

0,61

0,7

0,79

Aðgerðir sem styðja við markmið 3**Framkvæmt 2020****Tímabil aðgerða**

Efla miðlæga þjónustugátt, auka þjónustuframboð og tengja fleiri þjónustuveitendur við gáttina Ísland.is.



Nýr vefur Ísland.is fór í loftið, endurskipulagður út frá notenda- og aðgengismálum. Alls voru 800 ferlar tengdir þvert á stofnanir. Sjá einnig almenna umfjöllun um starfsemi Stafræns Íslands.

2018–

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 4: Koma á samræmdu skipulagi (samræmdri högun) upplýsingakerfa þar sem gætt er sérstaklega að hagkvæmni ásamt öryggi upplýsinga og kerfa til að verjast glæpum og ógnum á netinu.

Mælikvarðar fyrir markmið 4	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall af frumvörpum, reglugerðum og stefnuskjölum sem fer í opið samráð í samráðsgátt.	76%	75%	57%. Meginskýring lækkunar er að á árinu voru lögð fram 35 frumvörp tengd COVID-19 sem voru flýtimál og fóru því ekki í samráð.
Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa.		Búið að móta skipulag og stefnu og innleiðing hafin.	Drög að leiðbeinandi tilmælum til stofnana, landsarkitektúr upplýsingaöryggis, birt í samráðsgátt í október 2020.

Aðgerðir sem styðja við markmið 4	Framkvæmt 2020
Móta og innleiða skipulag og stefnu um högun opinberra upplýsingakerfa.	● Drög að leiðbeinandi tilmælum til stofnana, landsarkitektúr upplýsingaöryggis, birt í samráðsgátt í október 2020.

- Ekki hafin
- Undirbúningur hafinn
- Aðgerð hafin
- Komin vel á veg
- Lokið



16.1 Markaðseftirlit

Samkvæmt fjármálaáætlun fyrir 2020–2024 er meginmarkmið málefnasviðsins aukin samkeppnishæfni atvinnulífs sem byggist á efnahagslegu, umhverfislegu og samfélagslegu jafnvægi. Markmið málaflokksins eru tvö:

1. **Aukið gagnsæi og skilvirkni, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.**
 2. **Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.**
-

Til að ná settum markmiðum á málefnasviðinu voru ákveðnar tvær aðgerðir. Sú fyrri snýr að því að koma á rafrænum skilum á öllum innsendum gögnum til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2020. Sú síðari er sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem skilar auknu gagnsæi og trausti.

Markmið 1: Aukið gegnsæi, virk samkeppni og heilbrigðir viðskiptahættir fjármála- og viðskiptalífs.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi óinnleiddra Evrópugerða á fjármálamarkaði.	192	<10	174
Hlutfall atriða í úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðs á opinberu eftirliti á fjármálamarkaði sem uppfylla lágmarksviðmið að verulegu leyti.	24% (2014, úttekt á fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP)).	>50%	24% (2014, úttekt á fylgni við kjarnaviðmið Basel-nefndar um bankaeftirlit (BCP)).

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Rafræn skil á öllum innsendum gögnum til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fyrir lok ársins 2020.	● Árið 2021 verður tekið í gagnið sameinað gagnaskilakerfi fyrir reglubundna gagnasöfnun. Jafnframt verður í þjónustugáttinni hægt að skila öllum gögnum vegna óreglubundinna fyrirspurna. Þá verður Seðlabankinn kominn með lausnir til að taka á móti öllum gögnum á rafrænu formi.	2020

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Markmið 2: Aukið traust almennings og fyrirtækja til atvinnulífs og markaðseftirlits.

Aðgerðir sem styðja við markmið 2	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Sameining FME og Seðlabanka sem skilar auknu gagnsæi og trausti.	● Fyrsta ár í starfsemi sameinaðrar stofnunar hefur verið farsælt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að áhrifarík viðbrögð við yfirstandandi efnahagskreppu undirstriki kosti sameiningarinnar.	2020–2021

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

29.1 Barnabætur

Í fjárlögum fyrir árið 2020 kemur fram að í þessum málaflokki voru ekki skilgreindar aðgerðir. Markmið 2 hefur tekið breytingum þar sem hugtökin skilvirkni og einfaldleiki hafa ekki reynst lýsandi fyrir kerfi til greiðslu bóta. Markmið málaflokksins eru tvö:

1. **Auka stuðning við tekjulága foreldra.**

2. **Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi.**

Árangursmælingar markmiða

Markmið 1: Auka stuðning við tekjulága foreldra.

Mælikvarðar fyrir markmið 1

	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á mann fyrir barnafjölskyldur.	7,3%	7,5%	7%

Markmið 2: Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi.

Mælikvarðar fyrir markmið 2

	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi ákvörðunarþátta við ákvörðun barnabóta.	11	≤11	11

Barnabætur eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Meginmarkmið barnabóta er að styðja við tekjulága foreldra og draga úr fátækt

barna. Árið 2020 voru greiddir samtals 12,1 ma.kr. í barnabætur til 47.871 einstaklings. Þá fengu 78.104 einstaklingar greiddan barnabótaauka árið 2020 sem stuðning vegna COVID-19 sem nam samtals um 3 ma.kr.

31.1 Húsnæðisstuðningur

Í fjárlögum fyrir árið 2020 eru sett fram þrjú markmið fyrir málaflokkinn:

- Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði með auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnæði.**
- Aukið aðgengi að öruggu og viðeigandi húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og tekju- og eignalágra á viðráðanlegu verði.**
- Húsnæðiskostnaður efnaminni fjölskyldna og einstaklinga verði lækkaður.**

Húsnæðisstuðningi hins opinbera er ætlað að stuðla að raunverulegu vali landsmanna um búsetuform og að auka húsnæðisöryggi. Sá stuðningur í húsnæðismálum sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra er annars vegar vaxtabætur og hins vegar ráðstöfun séreignar skattfrjálst til fyrstu fasteignakaupa. Þessu til viðbótar er tímabundið úrræði sem heimilar útgreiðslu skattfrjálsrar séreignar inn á fasteignalán en gildistími þess hefur verið framlengdur til 30. júní 2023.

Vaxtabætur eru tekju- og eignatengdar bætur til þeirra sem greiða vaxtagjöld af lánum vegna eigin íbúðarhúsnæðis. Alls voru greiddir út 2,6 ma.kr. í vaxtabætur til 15.470 einstaklinga á árinu 2020.

Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð tóku gildi 1. júlí 2017 og heimila einstaklingum skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar til kaupa á fyrstu íbúð. Árið 2020 nýttu 5.532 fyrstu kaupendur sérstuðning við kaup á fyrstu fasteign og nam úttekt séreignarinnar 4,9 ma.kr.

Úttekt séreignar til lækkunar höfuðstóls húsnæðisláns nam 12,5 ma.kr. á árinu.





33.1 Fjármagnskostnaður

Með fjárlögum fyrir árið 2020 voru skilgreind tvö markmið fyrir mála- flokk 33.1 Fjármagnskostnaður.

1. Að lækka skuldir ríkissjóðs.

2. Að lækka fjármagnskostnað.

Stefna í lánamálum ríkisins endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárför og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs sé mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinna áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Stefna stjórnvalda fyrir árið 2020, áður en heimsfaraldur kórónuveiru skall á, var að lækka skuldir ríkissjóðs. Vegna mótvægisáðgerða stjórnvalda til að stemma stigu við áhrifum af faraldrinum gekk sú stefna ekki eftir. Afkoma ríkissjóðs versnaði verulega með tilheyrandi aukningu skulda. Gert er ráð fyrir að skuldsetning ríkissjóðs aukist enn frekar á næstu árum og nái hámarki í hlutfalli af VLF á árinu 2025. Markmið um að skuldir ríkissjóðs séu sjálfbærar til lengri tíma er óbreytt. Hækkandi skuldahlutfall hefur neikvæð áhrif á vaxtakostnað en vegna þess lágvaxtaumhverfis sem við búum við í dag er ekki gert ráð fyrir að vaxtagjöld hækki í sama hlutfalli og skuldir ríkissjóðs. Mikið frávik fjármagnskostnaðar á árinu 2020 frá viðmiði má að nær öllu leyti rekja til veikingar gengis íslensku krónunnar sem leiddi til 29,8 ma.kr. gjaldfærslu vegna gengisáhrifa á höfuðstól erlendra lána. Áfram verður leitað leiða til að lágmarka fjármagnskostnað ríkissjóðs.

Árangursmælingar markmiða

Hér á eftir er greint frá samanburði milli þeirra viðmiða sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 og stöðunnar í lok ársins 2020.

Mælikvarðar fyrir lækkun skulda ríkissjóðs:	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Heildarskuldir að nafnvirði í ma.kr.	893	820	1.237
Skuldir sem hlutfall af VLF.	29,3%	27,9%	42,1%

Mælikvarðar fyrir lækkun fjármagnskostnaðar:	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjármagnskostnaður í ma.kr.	47,9	43,2	72
Fjármagnskostnaður sem hlutfall af VLF.	1,6%	1,6%	2,4%

Staða aðgerða

Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2020 eru eftirfarandi:

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Greiða niður skuldir með stöðugleikaframlagi slitabúa.	● Aðgerð endurskoðuð tímabundið í ljósi skuldaaukningar.	2016–2021
Nýta óreglulegar tekjur til niðurgreiðslu skulda.	● Aðgerð endurskoðuð tímabundið í ljósi skuldaaukningar.	2016–2026
Endurfjármagna útistandandi skuldir þegar tækifæri gefst á betri vaxtakjörum.	● Aðgerð endurskoðuð tímabundið í ljósi skuldaaukningar.	2018–2026

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið



33.2 Ríkisábyrgðir

Með fjárlögum fyrir árið 2020 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir **málaflokk 33.2 Ríkisábyrgðir**.

1. Draga úr ríkisábyrgðum.

Stefna stjórnvalda er að draga úr ríkisábyrgðum eins og kostur er næstu árin. Ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður gefi út nýjar ríkisábyrgðir á tímabilinu.

Mælikvarðar – draga úr ríkisábyrgðum:	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Nafnvirði útstandandi ábyrgða.	920	820	897
Ríkisábyrgðir % af VLF.	31%	26%	31%

Staða aðgerða

Afleiðingar kórónuveirufaraldursins setja mark sitt á þá almennu stefnu ríkissjóðs að draga úr ríkisábyrgðum. Þannig er einn meginþáttur stuðningsaðgerða stjórnvalda vegna efnahagsáhrifa kórónuveirufaraldursins veiting ríkisábyrgða á lánum sem veitt eru til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli. Þá var veitt ríkisábyrgð á lánalínum Icelandair og Ferðaábyrgðasjóður stofnaður en

hann veitir ferðaskrifstofum lán vegna ferða sem felldar voru niður og endurgreiddar. Þessar ábyrgðir eru ætlaðar til skemmri tíma. Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2020 eru eftirfarandi:

Aðgerðir 2020 í málaflokki	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Ekki veita nýjar ríkisábyrgðir eða endurnýja útstandandi ábyrgðir.	● Á árinu voru veittar ríkisábyrgðir til að mæta áhrifum kórónuveirufaraldurs ætlaðar til skemmri tíma.	2019–2026
Endurlána ríkisfyrirtækjum í B- og C-hluta beint í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð.	● Ríkissjóður hefur þegar lánað Byggðastofnun og framtíðarfyrirkomulag á fjármögnun Húsnæðis-sjóðs gerir ráð fyrir að það verði með endurlánum frá ríkissjóði.	2020–2026

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokid



33.3 Lífeyrisskuldbindingar

Með fjárlögum fyrir árið 2020 var skilgreint eftirfarandi markmið fyrir **málaflokk 33.3 Lífeyrisskuldbindingar**.

1. Að minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar.

Stefna stjórnvalda er að draga úr hreinum lífeyrisskuldbindingum eins og kostur er, það er skuldbindingum umfram eignir. Hlutfall lífeyrisskuldbindinga af VLF hækkaði úr 23,7% í árslok 2019 í 25,4% í árslok 2020. Í krónum talið hækkuðu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs úr 722 ma.kr. í árslok 2019 í 746 ma.kr. í árslok 2020 sem jafngildir um 3,4% hækkun á milli ára.

Mælikvarðar markmiðs:	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hreinar lífeyrisskuldbindingar % af VLF.	23,7%	20%	25,4 %

Staða aðgerða

Greidd var innborgun ríkissjóðs inn á ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar í samræmi við fjármálaáætlun og forsendur fjárlaga. Vegna áhrifa af COVID-19 lækkaði VLF á milli ára um 3,4% á nafnvirði. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 9,2% á árinu. Hins vegar var ávöxtun lífeyrissjóðsins af forinngreiðslum ríkissjóðs upp í bakábyrgð skuldbindinga mjög góð á árinu. Saman-

lögð áhrif þessara þátta eru að hlutfall lífeyrisskuldbindinga af VLF eru 25,4% en viðmið fjármálaáætlunar var að skuldbindingar yrðu 20% af VLF. Þær aðgerðir sem skilgreindar voru til árangurs miða að því að ná skilgreindum markmiðum málaflokksins. Þær aðgerðir, sbr. umfjöllun um málaflokkinn í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sem komu til framkvæmda á árinu 2020 eru eftirfarandi:

Aðgerðir 2020 í málaflökki	Framkvæmt 2020	Tímabil aðgerða
Greiða 7 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar. Greiðsla hækkar í 8 ma.kr. árlega frá og með árinu 2021 til ársins 2026.	● Greiddar voru úr ríkissjóði 7 ma.kr. til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.	2015–2026
Í tilfellum óreglulegs og einkiptisfjárstreymis í ríkissjóð verði hagstæðasta ráðstöfun þess metin, þ.e. hvort því verði varið til hraðari niðurgreiðslu skulda eða lækunar á ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum.	● Aðgerð endurskoðuð tímabundið í ljósi skuldaaukningar.	2018–2026

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Samkvæmt núgildandi fjármálaáætlun mun ríkissjóður halda áfram að inna af hendi sérstakar forinngreiðslur til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að fjárhæð 8 ma.kr. á ári. Lykilforsenda markmiðsins er að VLF muni vaxa á næstu árum og að þróun vísitölu

dagvinnulauna opinberra starfsmanna verði í samræmi við breytingar á VLF. Því eru almennar efnahagsaðgerðir forsenda þess að markmiðum verði náð.



34.0 Almennur varasjóður, sértækar fjárráðstafanir og afskriftir skattkrafna

Ekki voru skilgreind markmið fyrir málefnasvið 34 með fjárlögum fyrir árið 2020. Þar er átt við málaflokkana **34.1 Almennur varasjóður**, **34.2 Sértækar fjárráðstafanir** og **34.3 Afskriftir skattkrafna**. Vísað er í umfjöllun um frávik málaflokka og kafla um almennan varasjóð aftar í skýrslunni.

Kynja- og jafnréttismál



Kynja- og jafnréttismál

Ráðuneytið er ábyrgðaraðili kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar en vinnur, líkt og önnur ráðuneyti, einnig að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í þeim málaflokkum sem það ber ábyrgð á.

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði mikil áhrif á verkefni ársins sem flest lituðust að einhverju marki af faraldrinum og viðbrögðum stjórnvalda við honum. Þannig var kapp lagt á að leggja mat á áhrif aðgerða stjórnvalda á jafnrétti kynjanna. Óháð því hvaða ráðuneyti bar ábyrgð á aðgerðunum var matið að mestu unnið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og birtist m.a. í greinargerðum með frumvörpum til fjárukalaga sem lögð voru fram til að fjármagna aðgerðirnar. Var þetta í fyrsta skipti sem birt var nokkuð heildstæð greining á áhrifum ráðstafana sem lagðar voru til í fjárlagariti á jafnrétti kynjanna. Jafnréttisáhrif frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2021 og reglubundins frumvarps til fjárukalaga við lok ársins voru metin með sambærilegum hætti og matið birt í greinargerðum með frumvörpunum. Sérstök áhersla var lögð á mat á áhrifum ráðstafana sem tengjast COVID-19 með beinum hætti og þannig hefur fengist ágætt yfirlit yfir áhrif aðgerða vegna COVID-19 á kynin. Jafnframt hefur verið leitast við að greina nýtingu úrræðanna eftir kyni, þar sem slíkt er mögulegt.

Það hefur skipt sköpum við mat á áhrifum aðgerða á jafnrétti kynjanna að fyrir lá góð greining á stöðu kynjanna og helstu kynjasjónarmiðum í flestum málaflokkum, sem birtist í grunnskýrslu kynjaðrar fjárlagagerðar árið 2019. Samhliða var unnið að uppfærslu og dýpkun greiningarinnar sem birt var í stöðuskýrslu í mars 2021. Auk þess fjölgaði lítillega þeim málaflokkum sem var fjallað um og má þar nefna greiningu á launaútgjöldum ríkisins út frá kynjasjónarmiðum sem unnin var af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og við alla greiningu á jafnréttisáhrifum er lykilatriði að kyngreindar tölfræðiupplýsingar liggi fyrir og séu aðgengilegar. Greining á stöðunni hefur leitt í ljós að nokkuð vantar upp á að svo sé og í júní 2020 skipaði ráðherra því starfshóp um kyngreind tölfræðigögn. Starfshópnum er ætlað að bæta yfirsýn yfir kyngreind tölfræðigögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum upplýsingum hjá opinberum aðilum verði gerð með sambærilegum hætti. Fyrstu niðurstaðna frá hópnum er að vænta um mitt ár 2021.

**Ávinningur af styrkjum og framlögum 2020
og yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða**



Ávinningur af styrkjum og framlögum 2020

Vegna eðlis starfsemi fjármála- og efnahagsráðuneytis eru styrkir og framlög skv. 42. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, ekki stór hluti af starfsemi ráðuneytisins. Engir styrkir voru veittir árið 2020.

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Í lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál, er gert ráð fyrir að hægt sé að nýta varasjóði málaflokka til að bregðast við áhættu og veikleikum í rekstri. Ef hætta er á að útgjöld verði umfram fjárveitingar skal hver ráðherra leita leiða til að lækka gjöld innan ársins, millifæra fjárveitingar innan málaflokka eða nýta varasjóði þannig að útgjöld verði ekki umfram fjárveitingar. Ráðuneytið hefur til umráða fjóra varasjóði málaflokka sem allir eru á málefnasviði **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla**. Eftirfarandi töflur sýna ráðstöfun í og úr varasjóðunum. Vert er að nefna að staða varasjóðs í upphafi er uppsöfnuð staða frá fyrri árum ásamt fjárveitingu ársins 2020.

Tafla 3. Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða málaflokka fjármála- og efnahagsráðuneytis árið 2020.

Varasjóður málaflokks 05.10	Fjárhæð
Staða í upphafi árs	387,7
Breyting í fjárukalögum	-77,4
Ráðstafað úr varasjóði	-50,0
Staða varasjóðs í lok árs	260,3
Varasjóður málaflokks 05.20	Fjárhæð
Staða í upphafi árs	238,5
Breyting í fjárukalögum	-10,2
Ráðstafað úr varasjóði	-21,0
Staða varasjóðs í lok árs	207,3
Varasjóður málaflokks 05.30	Fjárhæð
Staða í upphafi árs	43,1
Breyting í fjárukalögum	-30,8
Ráðstafað úr varasjóði	0,0
Staða varasjóðs í lok árs	12,3
Varasjóður málaflokks 05.40	Fjárhæð
Staða í upphafi árs	110,9
Breyting í fjárukalögum	118,4
Ráðstafað úr varasjóði	-229,0
Staða varasjóðs í lok árs	0,3

Fjárhæðir í milljónum króna

Gerðar voru breytingar á varasjóðum málaflokka í fjárukalögum. Ráðstafað var úr varasjóði málaflokks 0 5.1 til skattranssóknarstjóra ríkisins vegna aukinna verkefna tengdum skatteftirliti og peningaþvætti. Ráðstafað var úr varasjóði málaflokks 05.20 til Bankasýslu ríkisins. Þá var ráðstafað úr varasjóði málaflokks 05.4 vegna umsýslu hugbúnaðarleyfa vegna samningsins við Microsoft, annars vegar til að mæta greiðsluhalla vegna uppgjörs við stofnanir og hins vegar vegna flýtingar á innleiðingu á nýju skrifstofuumhverfi ríkisins vegna COVID-19. Hvað varðar greiðsluþátttöku stofnana er gert ráð fyrir að þær taki þátt í greiðslu á samningnum við Microsoft en innheimtur hafa ekki verið eins og áætlað var, m.a. vegna flókinna leyfisskipulaga hjá aðilum, einkum Landspítalanum. Kostnaður Landspítala vegna COVID-19 gerir það að verkum að ekki var talið svigrúm hjá spítalanum til að greiða útistandandi kostnað. Í upphafi COVID-19 faraldursins ákvað fjármála- og efnahagsráðuneytið að hraða innleiðingu hugbúnaðarpakkans til að mæta þörf stofnana á stórau- inni fjarvinnu starfsmanna. Nýtt skrifstofuumhverfi ríkisins hefur leikið lykilhlutverk í starfi stofnana og hefur gert starfsmönnum þeirra kleift að vinna heima með skilvirkum og öruggum hætti.

Almennur varasjóður

Í fjárlögum er óskiptur almennur varasjóður, skv. 24. gr. laga um opinber fjármál, til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti á fjárlagaárinu. Almennur varasjóður nemur að lágmarki 1% af fjárheimildum fjárlaga. Framlag úr ríkissjóði í almannan varasjóð á árinu 2020 nam 10,8 ma.kr. Fjármála- og efnahagsráðherra tekur ákvarðanir um ráðstöfun fjár úr varasjóði og gerir fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir nýtingu þess þegar ákvörðun liggur fyrir. Almannan varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga ásamt öðrum meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum.

Á árinu 2020 voru veittir 4,3 ma.kr. úr sjóðnum vegna verðlags- og gengisbóta. Þá var veitt 1,1 ma.kr. framlag úr sjóðnum vegna bóta í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Veitt var framlag til ýmissa mála sem eru í eðli sínu tímabundin og ófyrirséð og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu.

Tafla 4. Yfirlit yfir ráðstöfun úr almannan varasjóði, sbr. málaflokk 34.1, árið 2020.


Almennur varasjóður, málaflokkur 34.1	Fjárhæð
Framlag á fjárlögum fyrir árið 2020	10.816
Gengis- og verðlagsbætur 2020	-4.323
Bætur í Guðmundar- og Geirfinnsmáli	-1.126
Framlög vegna girðingatjóns	-654
Samningar um stuðning við millilandaflug	-346
Samningur um innanlandssamgöngur	-283
Styrkir til almenningsamgangna	-472
Bætur til brotþola	-100
Dómkröfur	-90
Styrkveitingar til hjúkrunarheimila	-90
Embætti héraðssaksóknara, varnir gegn peningþvætti	-66
Varnargarður við Vík í Mýrdal	-60
Bætur vegna misgjörða á vistheimilum	-35
Viðbrögð vegna úrkomuveðurs á Austurlandi	-33
Framlag til tækjakaupa v. vöktunar Vatnajökuls	-28
Krý suvíkurheimilið, vaktþjónusta	-25
Náttúruhamfarir, vegna snjóflóða á Vestfjörðum í janúar 2020	-25
Breytingar á kerfum vegna kjarasamninga	-22
Vegna bóta til eftirlifenda	-18
Vakt dýralækna	-6

Fjárhæðir í milljónum króna

Frávíkagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila


Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Mynd 3. Uppsöfnuð frávik frá áætlun ríkisaðila og verkefna í m.kr.



Fjárhæðir í milljónum króna

Athugið: Inn á myndina vantar áætlaða árslokastöðu fyrir almennan varasjóð (2,8 ma.kr.) og lífeyrisskuldbindingar (7,9 ma.kr.), stuðning við fyrirtæki vegna heimsfaraldurs (28,9 m.kr.) og afskriftir skattkragna (-6,8 ma.kr.) vegna hlutfallslegs umfangs í samanburði aðra liði.



Fjárhæðir í milljónum króna

Tafla 5. Yfirlit yfir millifærslur á árinu 2020 skv. 29. gr. laga um opinber fjármál.

Málaflokkur	Heiti málaflokks	Millifært af	Heiti	Millifært til	Heiti	Fjárhæð m.kr.	Skýring
05.10	Skattar og innheimta	09-998	Varasjóður málaflokks	09-215	Skattrannsókn- arstjóri ríkisins	50	Millifært vegna aukinna verkefna v. skattrannsóknna og peningaþvættis.
05.10	Skattar og innheimta	09-262	Tollstjóri	09-210	Skatturinn	437	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Stofnanir sameinaðar um áramót og uppsafnaður höfuðstóll færður yfir til sameinaðrar stofnunar.
05.20	Eignaumsýsla ríkisins	09-998	Varasjóður málaflokks	09-977	Bankasýsla ríkisins	21	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.
05.40	Stjórnsýsla ríkisfjármála	09-190	Ýmis verkefni	09-190	Þróunarmál í upplýsingatækni	20	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. og 34. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál. Framlag fært á milli viðfangsefna.
05.40	Stjórnsýsla ríkisfjármála	09-190	Ýmis verkefni	09-190	Lánaumsýsla ríkissjóðs	12,8	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.
05.40	Stjórnsýsla ríkisfjármála	09-101	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	09-999	Kjara- og mannauðssýsla	2	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. 123/2015, um opinber fjármál.
05.40	Stjórnsýsla ríkisfjármála	09-998	Varasjóður málaflokks	09-999	Umsýsla hug- búnaðarleyfa	229	Millifærsla innan málaflokks í samræmi við 29. 123/2015, um opinber fjármál sbr. nánari umfjöllun í kafla um varasjóði málaflokka.

Yfirlit yfir útgefið efni árið 2020

Yfirlit yfir útgefið efni árið 2020

Útgáfur 2020

Stefnur

Febrúar 2020: [Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki](#)

Mars 2020: [Aðgerðaáætlun um opinbera nýsköpun](#)

Desember 2020: [Stefna í lánamálum ríkisins 2021–2025](#)

Rit og skýrslur

6.1.2020: [Keðjuábyrgð – leiðbeiningar](#)

15.9.2020: [Skýrsla um efnahagsleg áhrif farsóttar og sóttvarna](#)

6.11.2020: [Úrræði vegna faraldurs: Nýting heimila og fyrirtækja](#)

Fjárlagatengt efni

Ágúst: [Endurskoðuð fjármálastefna fyrir 2018–2020](#)

Október: [Fjármálaáætlun 2021–2025](#)

Fjárlög 2021

Fylgirit með fjárlögum 2021

Fjárukalög samþykkt á árinu 2020

[Mars 2020](#)

[Maí 2020](#)

[Júní 2020](#)

[September 2020](#)

[Desember 2020](#)

